



79. ársþing

# SKÝRSLA NEFNDA 2024

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

---

## Efnisyfirlit

---

Efnisyfirlit .....	1
Stjórn og nefndir KSÍ.....	2
Skýrsla mótanefndar .....	4
Skýrsla dómaranefndar .....	13
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar .....	23
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar .....	26
Skýrsla fræðslunefndar .....	31
Skýrsla grasrótanefndar .....	36
Skýrsla mannvirkjanefndar .....	38

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

## Stjórn og nefndir KSÍ

### Stjórn (ársþing)

Þorvaldur Örlýgsson formaður  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Helga Helgadóttir  
Ingi Sigurðsson  
Orri Vignir Hlökkversson  
Pálmi Haraldsson  
Sveinn Gíslason  
Tinna Hrund Hlynsdóttir  
Unnar Stefán Sigurðsson  
Þorkell Máni Pétursson

### Varastjórn (ársþing)

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir  
Jón Rúnar Halldórsson  
Jón Sigurður Pétursson  
Sigrún Ríkharðsdóttir

### Landshlutafulltrúar (ársþing)

Guðmundur Bj. Hafþórsson Austurland  
Trausti Hjaltason Suðurland  
Tryggvi Gunnarsson Norðurland  
Þorsteinn Haukur Harðarson Vesturland

### Dómaranefnd

Egill Már Markússon formaður  
Bryndís Sigurðardóttir  
Gunnar Jarl Jónsson  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Hjalti Þór Halldórsson

### Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Ingi Sigurðsson formaður  
Helga Helgadóttir  
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir  
Pálmi Haraldsson  
Sveinn Gíslason

### Fræðslunefnd

Unnar Stefán Sigurðsson formaður  
Guðrún Jóna Kristjánsdóttir  
Gunnar Már Guðmundsson  
Kristrún Lilja Daðadóttir  
Sigríður Baxter Þorláksdóttir  
Tinna Hrund Hlynsdóttir  
Þórður Einarsson  
Örn Ólafsson

### Grasrótarnefnd

Trausti Hjaltason formaður

Guðmundur Bj. Hafþórsson  
Petra Lind Einarisdóttir  
Rúnar Már Sverrisson  
Tinna Hrund Hlynsdóttir  
Tryggvi Gunnarsson  
Þorsteinn Haukur Harðarson

### Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason formaður  
Kolbrún Arnardóttir  
Lee Ann Maginnis  
Margrét Hafsteinsdóttir  
Sveinn Gíslason

### Knattspyrnu- og þróunarnefnd

Ívar Ingimarsson formaður  
Ásgerður S. Baldursdóttir  
Ásthildur Helgadóttir  
Daði Rafnsson  
Davíð Snorri Jónasson  
Margrét Lára Viðarsdóttir  
Pálmi Haraldsson

### Markaðsnefnd

Þorkell Máni Pétursson formaður  
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir  
Hörður Ágústsson  
Ingveldur María Hjartardóttir  
Kristján Ingi Gunnarsson  
Sigrún María Jörundsdóttir  
Tinna Hrund Hlynsdóttir

### Mannvirkjanefnd

Unnar Stefán Sigurðsson formaður  
Ásthildur Helgadóttir  
Bjarni Þór Hannesson  
Eyrún Linnet  
Inga Rut Hjaltadóttir  
Jón Runólfsson  
Jón Sigurður Pétursson  
Kristján Ásgeirsson  
Viggó Magnússon  
Þorbergur Karlsson

### Málskotsnefnd KSÍ

Birgir Jónasson formaður  
Gísli Hlynur Jóhannsson  
Íris Björk Eysteinsdóttir  
Magnús Þórisson  
Ragnhildur Skúladóttir

Victor Ingi Olsen

**Mótanefnd**

Helga Helgadóttir formaður  
 Baldur Már Bragason  
 Björn Friðbjólfsson  
 Hildur Jóna Þorsteinsdóttir  
 Ingi Sigurðsson  
 Linda Hlín Þórðardóttir  
 Sveinbjörn Másson  
 Þórarinn Gunnarsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**

Gísli Guðni Hall formaður  
 Birgir Tjörvi Pétursson  
 Eva Halldórsdóttir  
 Heiðrún Lind Marteinsdóttir (til vara)  
 Ragnar Baldursson (til vara)  
 Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

**Heilbrigðisnefnd**

Reynir Björn Björnsson formaður  
 Ásta Árnadóttir  
 Haukur Björnsson  
 Róbert Magnússon  
 Sigrún Arnadóttir

**Kjaranefnd**

Margrét Sanders formaður  
 Borghildur Sigurðardóttir  
 Þorsteinn Gunnarsson  
 Ingvar Guðjónsson til vara

**Siðanefnd (ársþing)**

Halldór Frímansson formaður  
 Krístrún Heimisdóttir  
 Ómar Bragi Stefánsson  
 Hanna S. Sigurðardóttir til vara  
 Júlíus Bessason til vara  
 Rósa Júlía Steinþórsdóttir til vara

**Leyfisdómur KSÍ (ársþing)**

Heimir Örn Herbertsson formaður  
 Guðrún Inga Sívertsen varaformaður  
 Björn Victorsson  
 Jónas Þórhallsson  
 Líney Rut Halldórsdóttir  
 Ingibjörg Hinriksdóttir til vara  
 Jón Gunnlaugsson til vara  
 Ragnar Gíslason til vara

**Leyfiráð KSÍ (ársþing)**

Guðmundur H. Pétursson formaður  
 Stefán Orri Ólafsson varaformaður  
 María Björg Ágústsdóttir  
 Valdimar Pálsson  
 Þorgerður Marinósdóttir

**Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing)**

Gunnar Guðmundsson formaður  
 Björg Ásta Þórðardóttir varaformaður  
 Helgi R. Magnússon varaformaður  
 Andri Valur Ívarsson  
 Ásta Björk Eiríksdóttir  
 Erna Birgisdóttir  
 Gunnar Sverrir Gunnarsson  
 Þröstur Ríkharðsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)**

Feldís Lilja Óskarsdóttir forseti  
 Jóhannes Albert Sævarsson  
 Steinar Þór Guðgeirsson  
 Eva B. Helgadóttir til vara  
 Halldór Brynjar Halldórsson til vara  
 Höskuldur Eiríksson til vara  
 Lúðvík Örn Steinarsson til vara  
 Valgerður Valdimarsdóttir til vara

**Kjörnefnd (ársþing)**

Rúnar V. Arnarson formaður  
 Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir  
 Magnús Guðmundsson

**Starfshópur um endurskoðun staðalsamninga**

Birgir Jóhannsson, ÍTF  
 Flosi Eiríksson  
 Gísli Guðni Hall  
 Sif Atladóttir  
 Sigurður Kristinn Pálsson  
 Sunna Björk Atladóttir

**Kjörinn endurskoðandi (ársþing)**

Birna María Sigurðardóttir

Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Helga Helgadóttir, formaður, Baldur Már Bragason, Björn Friðbjólfsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Ingi Sigurðsson Linda Hlín Þórðardóttir, Sveinbjörn Másson, og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson, mótastjóri, og Guðlaugur Gunnarsson. Einnig sinntu Hafsteinn Steinsson og Pjetur Sigurðsson ýmsum störfum tengdum mótamálum. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ. Jafnframt eru stöðutöflur móta birtar í bókinni *Íslensk knattspyrna 2024* eftir Víði Sigurðsson, sem Sögur útgáfa gefur út.

Heildarfjöldi KSÍ leikja

Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um leikjafjölda 2024 og samanburð við árin á undan. Aldrei í sögu KSÍ hefur skrifstofa KSÍ skipulagt eins marga leiki og keppnistímabilið 2024.

Heildarfjöldi KSÍ leikja

Leikár	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2016	2014	2012	2010
Leikir samtals	6396	6080	5578	5319	4864	5.439	5.333	5.361	5.439	5.403	5.515

Meistaraflokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót og Meistarakeppni	804	804	838
Bikarkeppni	74	76	83
Deildarbikar	179	176	194
Bikarkeppni neðri deilda	30	30	
Futsal	43	45	39
<b>Samtals:</b>	<b>1130</b>	<b>1131</b>	<b>1154</b>

Meistaraflokkur kvenna	2024	2023	2022
Íslandsmót og Meistarakeppni	324	312	271
Bikarkeppni	32	31	31
Deildarbikar	84	84	89
Futsal	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>440</b>	<b>427</b>	<b>391</b>

2. flokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót	586	458	395
Bikarkeppni	23	24	24
<b>Samtals:</b>	<b>609</b>	<b>482</b>	<b>419</b>

2. flokkur kvenna	2024	2023	2022
Íslandsmót	119	121	92
Bikarkeppni	18	19	14
<b>Samtals:</b>	<b>137</b>	<b>140</b>	<b>106</b>

3. flokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót	618	661	532
Bikarkeppni	28	30	29
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>646</b>	<b>691</b>	<b>561</b>

3. flokkur kvenna	2024	2023	2022
Íslandsmót	331	319	281
Bikarkeppni	20	23	21
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>351</b>	<b>342</b>	<b>302</b>

4. flokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót	770	692	528
Bikarkeppni	25	27	30
Íslandsmót 8 manna	0	0	21
<b>Samtals:</b>	<b>795</b>	<b>719</b>	<b>579</b>

4. flokkur kvenna	2024	2023	2022
Íslandsmót	453	465	352
Bikarkeppni	22	25	26
Íslandsmót 8 manna	0	0	12
<b>Samtals:</b>	<b>475</b>	<b>490</b>	<b>390</b>

5. flokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót	1062	962	902

5. flokkur kvenna	2024	2023	2022
Íslandsmót	579	510	576

Eldri flokkur karla	2024	2023	2022
Íslandsmót	58	53	82

Mót fatlaðra	2024	2023	2022
Íslandsleikar	0	0	0

Landsleikir karla	2024	2023	2022
A landslið	12	12	16
U21 landslið	8	7	8
U18 -19 landslið	6	12	10
U15 - U17 landslið	14	17	14
<b>Samtals:</b>	<b>40</b>	<b>48</b>	<b>48</b>

Evrópuleikir félagsliða karla	2024	2023	2022
Meistaraflokkur	26	24	16
Unglingaflokkur	2	0	0
Futsal meistaraflokkur	3	3	3
<b>Samtals:</b>	<b>4371</b>	<b>4113</b>	<b>3764</b>

Landsleikir kvenna	2024	2023	2022
A landslið	12	13	13
U23	2	4	1
U18 -19 landslið	10	16	10
U15 - U17 landslið	15	19	19
<b>Samtals:</b>	<b>38</b>	<b>52</b>	<b>43</b>

Evrópuleikir félagsliða kvenna	2024	2023	2022
Meistaraflokkur	4	6	6
<b>Samtals:</b>	<b>2025</b>	<b>1967</b>	<b>1814</b>

### KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast umsýslu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Fækkun leikja skýrist að stórum hluta af því að ekki kláruðust allir leikir í riðlunum vegna veðurs.

Heildarfjöldi leikja	2024	2023	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
KRR-mót	967	1.051	1.130	157	340	743	921	913	792	809
Faxaflóamót	1492	1.595	1.351	960	1.187	1.576	1.395	1.250	1.196	873

### Mótahald í meistaraflokki

Frá því nýtt fyrirkomulag var tekið upp í Bestu deild karla 20.22, hefur nefndin verið að fóta sig í því hvenær upphaf og endir mótsins eigi að vera. 2022 var leikið frá 18. apríl til 29. október. Vegna gagnrýni félaganna þá var árið 2023 ákveðið að mótið stæði yfir frá 10. apríl og til 8. október. Það að mótið endaði svo snemma gerði það að verkum að ekki var hægt að hliðra til vegna leikjaálags hjá Evrópulíðunum. Fyrir keppnistímabilið 2024 var því ákveðið að keppni hæfist 6. apríl. Mótið endaði svo 27. október með hreinum úrslitaleik milli Víkings R og Breiðabliks. Framganga Víkings í Sambandsdeild UEFA varð til þess að gera þurfti breytingu á þeirra leikjum. Það hefði ekki verið hægt ef mótið hefði verið látið enda í byrjun október líkt og árið 2023. Sennilega er þetta tímaramminn sem mótið er komið til með að vera á. Reyndar eigum við eftir að sjá hvernig ný útfærsla á landsleikjahléum 2026 muni koma út m.t.t. mótanna hjá okkur.

Ísland endurheimti aftur fjórða liðið í Evrópukeppnum félagsliða karla. Í tvö ár voru bara þrjú lið með rétt til þátttöku. Nú í ár tóku Breiðablik, Stjarnan, Valur og Víkingur R þátt í Evrópukeppnum félagsliða. Víkingur R náði frábærum árangri í Sambandsdeild UEFA og komst í umspil um sæti í 16-liða úrslitum. Þegar þetta er ritað er hafa þeir leikir ekki farið fram. Vegna góðs árangurs Víkinga í Sambandsdeild UEFA var úrslitaleik Mjólkrubikarsins frestað á varadaginn 21. september.

Annað árið í röð var Besta deild kvenna leikin með nýju fyrirkomulagi. Mótið hófst 21. apríl og endaði 6. október með hreinum úrslitaleik milli Breiðablik og Vals. Í Bestu deildum karla og kvenna var því hreinn úrslitaleikur í loka leikjum beggja mótanna. Leikjaniðurröðun Bestu deildanna er sett upp þannig að það eigi að auka líkur á því að það gerist. Var því frábært að fá úrslitaleiki í lokin. Enda var aðsókn áhorfenda á þessa leiki frábær. Breiðablik og Valur tóku þátt í forkeppni Meistaradeildar kvenna, að þessu sinni luku þau keppni eftir forkeppnina.

Vegna framkvæmda á leikvöllum og ástands leikvalla í upphafi móta, var nokkuð um að félög víxluðu heimaleikjum. Mótanefndin hefur unnið þannig að félögum er heimilt að víxla einum heimaleik, ef samkomulag er um það milli félaganna. Ef leikvöllur er ekki klár í næsta leik þá verði að leika á varavelli félagsins. Í nokkrum tilfellum veitti nefndin undanþágu (að uppfylltum ákveðnum skilyrðum) til að leika á leikvelli sem var í næsta vallarflokk fyrir neðan.

13 félög tilkynntu þátttöku í 2. deild kvenna. Eftir mikla umræðu var ákveðið að skipta mótinu í tvo hluta. Fyrst var leikin einföld umferð, þ.e. 12 leikir á lið. Eftir fyrri hlutann var leikin þrískipt úrslitakeppni þar sem í A-úrslitum léku 5 efstu félögin saman um sæti í Lengjudeild að ári. Í B-úrslitum léku 4 félög um sæti 6-9. Í C-úrslitum léku 4 félög um sæti 10-13. Í úrslitakeppnunum var leikin tvöföld umferð. Félögin léku því 18-20 leiki. Nefndin mat það svo að um þetta fyrirkomulag myndi nást mest sátt og var það raunin.

Líkt og árið 2023 þá voru einungis tvö lið skráð til leiks í Utandeildina. Var því viðhaft sama fyrirkomulag og 2023 þ.e. þessum tveimur félögum var bætt við í 5. deildina. Engin Utandeild fór því fram 2024.

### Deildarbikarkeppni KSÍ - Lengjubikarinn

Lengjubikarinn fór fram með hefðbundnu sniði. Nefndin hefur í gegnum tíðina heyrt af tali nokkurra félaga að nauðsynlegt sé að breyta fyrirkomulagi mótsins. Var því farið í það verkefni í haust að kalla eftir ábendingum frá félögum um það hvort gera ætti breytingar á fyrirkomulagi mótsins og/eða reglugerð mótsins. Nokkrar ábendingar bárust. Nefndin tók þær til umræðu og lagði framhaldinu til breytingar á leikmannaskiptingum. Jafnframt var send könnun á félögin í Bestu deild karla og Lengjudeild karla um þrjá valkosti varðandi fyrirkomulag mótsins. Í ljós kom að yfirgnæfandi fjöldi liða kaus með óbreyttu fyrirkomulagi. Að mati nefndarinnar er ekki mikið ákall um breytingar á fyrirkomulaginu.

### Fjöldi liða í mótum

Eitt nýtt félag tilkynnti þátttöku í meistaraflokki karla, þ.e. Þorlákur. Jafnframt tilkynnti eitt lið frá árinu áður ekki þátttöku. 76 lið tóku þátt í mótum meistaraflokka.

Í meistaraflokki kvenna bættust tvö ný félög, þ.e. Dalvík/Reynir og Vestri. Árið 2024 tóku því 33 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna.

2024 tóku 798 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ, 523 lið karla og 275 lið kvenna. Þátttökuliðum kvenna fjölgaði um 9 á milli ára og karlaliðum fjölgaði um 19. Samtals fjölgaði því keppnisliðum um 28 milli ára. Er þetta mesti fjöldi keppnisliða frá 2019 þegar KSÍ hætti að skipuleggja mót í 6. aldursflokki. Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni.

### Áhorfendur

Meðalaðsókn að leikjum Bestu deildar karla var 842. Flestir mættu á lokaleik deildarinnar á Víkingsvelli milli Víkings R og Breiðabliks. Alls mættu 2.500 áhorfendur á leikinn og komust að sögn mun færri að en vildu. Meðalaðsókn að leikjum Bestu deildar kvenna var 217. Lang flestir mættu á lokaleik deildarinnar á N1 vellinum Hlíðarenda milli Vals og Breiðabliks. Alls mættu 1.625 áhorfendur á leikinn.

Hér fyrir neðan má sjá samanburð milli ára um fjölda áhorfenda frá því núverandi keppnisfyrirkomulag var tekið upp í Bestu deildunum.

Besta deild karla	2024	2023	2022
Fyrri hluti – Meðaltal	871	843	822
Efri hluti – Meðaltal	909	905	711
Neðri hluti – Meðaltal	522	577	365
Meðaltal – Allir leikir	842	824	770
Heildar fjöldi – Allir leikir	136.405	133.553	124.771

Besta deild kvenna	2024	2023
Fyrri hluti – Meðaltal	209	207
Efri hluti – Meðaltal	290	251
Neðri hluti - Meðaltal	150	205
Meðaltal – Allir leikir	217	213
Heildar fjöldi – Allir leikir	24.064	23.621

### Aðsókn að úrslitaleikjum ársins á Laugardalsvelli 2024

Góð aðsókn var á úrslitaleiki KSÍ sem fram fóru á Laugardalsvelli. Eins og oft áður þá eru aðsóknarmestu leikir sumarsins oft á tíðum úrslitaleikir Mjólkurbikarsins. 4.096 áhorfendur sáu KA vinna Víking í úrslitaleik karla sem er mesti fjöldi áhorfenda í meistaraflokki karla árið 2024. 1.451 áhorfendur sáu Val vinna Breiðablik í úrslitaleik kvenna, er það mikil fækkun frá árinu áður. Úrslitaleikurinn um 2. sæti Lengjudeildar karla er jafnframt gríðarlega vel sóttur leikur. Hér fyrir neðan eru áhorfendatölur á Laugardalsvelli.

- Mjólkurbikar karla – 4.096
- Mjólkurbikar kvenna – 1.451
- Lengjudeild karla (2. sæti) – 2.419
- Fótbolti.net bikarinn – 838

### Íslandsmót yngri flokka

Undanfarin ár hafa verið gerðar miklar breytingar á mótafyrirkomulagi yngri flokka. Árið 2024 þróuðust mál með þeim hætti að nær engar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi einstakra móta.

Send var út könnun á félögin þar sem spurt var út í árangurinn af fyrri breytingum undanfarinna ára með að taka upp lotukerfi í A-liðum í 2. flokki karla og 3. flokki karla og kvenna. Jafnframt var haldinn yfirþjálfarafundur til að ræða um mótamál yngri flokka. Niðurstaðan af þessari vinnu er að halda áfram með lotukeppni í 2. og 3. flokki A-liða. Jafnframt var ákveðið að keppnistímabilið 2025 verði leikið með lotufyrirkomulagi í A-liðum í 4. flokki. Eins og sjá má í neðangreindri töflu hefur það aukist undanfarin ár að félög mæta ekki til leiks. Er þá beitt sektum og öðrum viðurlögum skv. reglugerð. Þetta og gríðarlega mikið af frestunum leikja er ekki góð þróun.

### Ekki mætt til leiks og lið sem hætta þátttöku

	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Fjöldi liða sem hætta þátttöku	19	37	56	29	22	27	34	30	29	24
Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki	23	16	26	11	7	6	11	6	7	9

Hlutaðeigandi félög voru sektuð í samræmi við reglugerð.

### Lokaorð

Skipulag móta og utanumhald er og verður stór hluti af starfsemi Knattspyrnusambandsins. Leikjum sem skipulagðir eru af KSÍ hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár í samræmi við fjölgun þátttakenda en einnig vegna ýmissa breytinga sem gerðar hafa verið á mótahaldi á undanförunum misserum. Oft er það þannig að skiptar skoðanir eru á slíkum breytingum. Sjónarmiðin eru mörg og misjöfn og eiga öll rétt á sér. Þegar reynsla er komin á breytingarnar



er mikilvægt að vega og meta kosti þeirra og galla og endurskoða eða endurbæta ef tilefni er til, með heildarhagsmuni íslenskrar knattspyrnu í huga. Mótanefnd leitast markvisst eftir álitum félaganna á mótamálum og fagnar umræðu sem um þau skapast.

Knattspyrnusumarið 2024 var að mörgu leyti skemmtilegt. Bestu deildirnar enduðu báðar í hreinum úrslitaleikjum, frábær stemning var í kringum úrslitaleik í Lengjudeild karla og Lengjudeild kvenna hefur sjaldan verið jafn spennandi, svo eitthvað sé týnt til. Árangur íslenskra liða í Evrópukeppnum var áfram góður á nýliðnu ári. A landslið kvenna tryggði sér sæti í lokakeppni EM en er það í fimmta sinn í röð sem það tekst. Sannarlega glæsilegur árangur. Ánægjulegt var að endurheimta fjórða liðið í Evrópukeppnum karla og sérstök ástæða er til að óska Víkingum til hamingju með frábæran árangur í Sambandsdeild karla. Vegna góðs árangurs er keppnistímabili þeirra ekki enn lokið. Lið Vals og Breiðabliks féllu úr leik eftir forkeppni Meistaradeildar kvenna. Framundan eru breytingar á fyrirkomulagi í Evrópukeppnum kvenna og verður spennandi að sjá hvort það auki möguleika íslenskra liða á að komast lengra. Góður árangur í Evrópukeppnum þýðir að félögin eru að leika heimaleiki þegar komið er fram á vetur. Vallaraðstæður á Íslandi bjóða ekki upp á slíkt eins og staðan er og hefur það, eins og allir vita, skapað miklar áskoranir fyrir félögin. Þær endurbætur sem nú er unnið að á Laugardalsvelli ættu því að verða sannkölluð lyftistöng fyrir alla hreyfinguna.

Ég vil færa forsvarsmönnum aðildarfélaganna þakkið fyrir samstarfið á árinu. Mótanefnd fundar mjög reglulega og vinnur ýmis verkefni milli funda. Ég þakka nefndarfólki innilega fyrir þeirra mikilvæga framlag til knattspyrnunnar. Síðast en ekki síst þakka ég hinu öflugan starfsfólki KSÍ fyrir samstarfið og þá einkum og sér í lagi starfsmönnum nefndarinnar, Guðlaugi og Birki.

*Helga Helgadóttir*  
*formaður mótanefndar KSÍ*

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

Þátttaka í mótum utanhúss 2024 - Fjöldi liða																								
	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Meistaraflokkur karla	76	78	85	82	80	81	79	81	76	79	79	74	77	75	75	69	69	68	67	63	63	62	55	53
Eldri flokkur karla 30+	0	0	0	0	0	4	4	6	6	5	4	5	7	10	11	12	10	9	10	10	15	15	17	18
Eldri flokkur karla 40+	5	5	6	7	7	7	6	8	8	9	10	9	11	13	14	14	14	13	15	15	14	10	11	
Eldri flokkur karla 50+	4	5	7	7	6	5	5	6	6	4	4	4	4	5										
Eldri flokkur karla 60+	5	5	5																					
2. flokkur karla	36	34	34	31	27	27	26	27	27	27	28	28	30	32	29	27	29	30	29	30	29	31	26	30
2. flokkur karla B lið	16	12	16	19	17	17	16	18	17	16	17	13	9	8	7	6	6	5	6	5	3			
3. flokkur karla	33	31	29	31	33	33	31	29	29	29	29	29	31	29	35	36	32	36	36	35	40	37	34	33
3. flokkur karla B lið	26	24	24	21	21	22	31	20	21	21	24	19	20	22	17	16	23	16	16	15	13	10	9	5
3. flokkur karla C lið	20	23	17	19	12	10	11	9	11	15	9	8	6	0	4	6								
3. flokkur karla 7 manna	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	2	9	5	9	6	3	3	6	7	3	4	8	9	19
4. flokkur karla A lið	32	29	32	34	33	36	35	35	35	35	34	36	37	36	36	36	37	42	40	43	43	38	38	33
4. flokkur karla B lið	22	27	30	22	19	19	22	30	26	23	22	24	26	26	24	21	25	21	24	27	24	20	14	15
4. flokkur karla C lið	32	30	23	39	31	31	32	25	22	16	19	21	17	15	12	12	9	11	11	0	6	5	6	6
4. flokkur karla D lið	26	19	20																					
4. flokkur karla 8 manna	0	0	7	14	12	0	6	7	7	2	8	11	8	9	17	15	6	3	15	16	15	14	16	23
5. flokkur karla A lið	42	41	35	45	46	43	43	45	46	45	43	47	45	49	52	50	48	43	49	53	52	58	54	47
5. flokkur karla B lið	32	34	40	57	53	40	45	48	46	46	44	39	41	44	43	38	40	42	45	46	45	46	44	39
5. flokkur karla C lið	39	39	37	50	51	41	36	40	41	43	31	34	39	42	43	33	30	33	28	28	27	23	27	26
5. flokkur karla D lið	29	23	27	38	44	50	48	46	48	38	31	33	31	38	38	28	26	30	23	25	27	19	19	15
5. flokkur karla E lið	24	22	21																					
5. flokkur karla F lið	24	23	18																					
6. flokkur karla A lið	0	0	0	0	0	26	34	37	32	42	55	53	42	48	39	51	45	41	40	51	43	46	46	46
6. flokkur karla B lið	0	0	0	0	0	25	36	43	37	45	57	58	45	48	39	42	32	35	38	39	39	35	44	35
6. flokkur karla C lið	0	0	0	0	0	30	37	42	34	46	62	65	33	39	36	25	42	26	24	25	33	25	26	26
6. flokkur karla D lið	0	0	0	0	0	20	26	33	31	34	46	55	34	31	37	25	22	18	22	22	24	25	20	13
<b>Alls karla</b>	<b>523</b>	<b>504</b>	<b>513</b>	<b>516</b>	<b>492</b>	<b>567</b>	<b>609</b>	<b>638</b>	<b>606</b>	<b>620</b>	<b>658</b>	<b>674</b>	<b>598</b>	<b>628</b>	<b>614</b>	<b>565</b>	<b>548</b>	<b>528</b>	<b>545</b>	<b>551</b>	<b>559</b>	<b>527</b>	<b>515</b>	<b>508</b>
Meistaraflokkur kvenna	34	32	32	33	29	28	28	29	32	30	28	27	27	24	26	22	22	24	22	20	21	23	20	17
2. flokkur kvenna	20	20	14	16	14	15	15	14	14	12	14	15	16	17	14	13	14	12	10	11	15	14	13	13
3. flokkur kvenna	24	21	23	21	21	21	20	22	20	21	21	20	27	27	27	24	19	16	20	22	23	21	17	16
3. flokkur kvenna B lið	19	19	13	12	9	10	9	8	6	9	8	5	0	0	0	6	4							
3. flokkur kvenna 7 manna	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	5	9	10	10	10	11	13	14	13	18	17	16	16	
4. flokkur kvenna A lið	23	24	20	24	26	25	28	27	26	26	28	28	27	26	31	28	28	22	22	22	34	33	33	32
4. flokkur kvenna B lið	20	22	20	24	23	22	17	19	17	12	15	16	12	10	10	8	8	13	9	6	25	19	20	18
4. flokkur kvenna C lið	24	23	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	6	3	5
4. flokkur kvenna 8 manna	0	0	4	10	10	5	0	0	4	6	2	10	13	8	12	6	13	17	18	20				
5. flokkur kvenna A lið	27	30	28	29	38	32	31	32	32	31	31	33	33	35	37	37	35	34	32	41	35	27	24	27
5. flokkur kvenna B lið	30	23	31	35	28	28	28	32	30	29	26	31	35	33	28	28	28	26	23	30	32	17	17	22
5. flokkur kvenna C lið	30	30	28	28	18	20	18	14	16	14	13	14	13	12	11	9	10	18	15					5
5. flokkur kvenna D lið	24	22	21	21	13	10	9	9	9	11	8	8	9	12	8									
6. flokkur kvenna A lið	0	0	0	0	0	25	26	26	26	31	35	37	31	30	31	35	25	31	32	33				
6. flokkur kvenna B lið	0	0	0	0	0	22	27	24	25	28	37	34	28	24	29	21	23	12	25	26				
6. flokkur kvenna C lið	0	0	0	0	0	20	22	21	22	24	23	28	14	12	18	19	8	9	7					
6. flokkur kvenna D lið		0	0	0	0	13	18	16	16	17	15	12	8	7	5									
<b>Alls kvenna</b>	<b>275</b>	<b>266</b>	<b>248</b>	<b>253</b>	<b>233</b>	<b>294</b>	<b>298</b>	<b>297</b>	<b>293</b>	<b>303</b>	<b>307</b>	<b>322</b>	<b>303</b>	<b>288</b>	<b>298</b>	<b>268</b>	<b>247</b>	<b>239</b>	<b>252</b>	<b>259</b>	<b>214</b>	<b>177</b>	<b>171</b>	<b>177</b>
<b>Alls þátttaka</b>	<b>798</b>	<b>770</b>	<b>761</b>	<b>769</b>	<b>725</b>	<b>861</b>	<b>907</b>	<b>935</b>	<b>899</b>	<b>923</b>	<b>965</b>	<b>996</b>	<b>901</b>	<b>916</b>	<b>912</b>	<b>833</b>	<b>795</b>	<b>767</b>	<b>797</b>	<b>810</b>	<b>773</b>	<b>704</b>	<b>686</b>	<b>685</b>

Sigurvegarar í mótum utanhúss 2024			
<b>Íslandsmót</b>			
<b>Besta deild karla</b>	Breiðablik	<b>Besta deild kvenna</b>	Breiðablik
<b>Lengjudeild karla</b>	ÍBV	<b>Lengjudeild kvenna</b>	FHL
<b>2. deild karla</b>	Selfoss	<b>2. deild kvenna</b>	Haukar
<b>3. deild karla</b>	Kári		
<b>4. deild karla</b>	Tindastóll		
<b>5. deild karla</b>	Álftanes		
<b>Eldri flokkur karla 40+</b>	Stál-úlfur		
<b>Eldri flokkur karla 50+</b>	Þróttur R		
<b>Eldri flokkur karla 60+</b>	KR		
<b>2. flokkur karla</b>	KA/Dalvík/Magni/KF/Höttur	<b>2. flokkur kvenna</b>	Þór/KA/Völsungur/Tindastóll/Hvöt/Kormákur
<b>3. flokkur karla</b>	Þór	<b>3. flokkur kvenna</b>	FH/ÍH
<b>3. flokkur karla B-lið</b>	ÍA/Skallgrímur/Víkingur Ó	<b>3. flokkur kvenna B-lið</b>	Þór/KA
<b>3. flokkur karla C-lið</b>	Selfoss		
<b>4. flokkur karla</b>	Breiðablik	<b>4. flokkur kvenna</b>	Stjarnan/Álftanes
<b>4. flokkur karla B-lið</b>	Breiðabliks	<b>4. flokkur kvenna B-lið</b>	Breiðablik
<b>4. flokkur karla C-lið</b>	Stjarnan	<b>4. flokkur kvenna C-lið</b>	Stjarnan/Álftanes
<b>4. flokkur karla D-lið</b>	Þróttur R		
<b>5. flokkur karla A-lið</b>	FH	<b>5. flokkur kvenna A-lið</b>	Valur
<b>5. flokkur karla B-lið</b>	Þróttur R	<b>5. flokkur kvenna B-lið</b>	Breiðablik
<b>5. flokkur karla C-lið</b>	Víkingur R	<b>5. flokkur kvenna C-lið</b>	FH
<b>5. flokkur karla D-lið</b>	Þróttur R	<b>5. flokkur kvenna D-lið</b>	HK
<b>5. flokkur karla E-lið</b>	ÍR		
<b>5. flokkur karla F-lið</b>	Víkingur R		
<b>Bikarkeppni</b>			
<b>Mjólurbikar karla</b>	KA	<b>Mjólurbikar kvenna</b>	Valur
<b>2. flokkur karla</b>	ÍA/Kári/Skallgrímur/Víkingur Ó	<b>2. flokkur kvenna</b>	Þór/KA/Völsungur/Tindastóll/Hvöt/Kormákur
<b>3. flokkur karla</b>	Stjarnan	<b>3. flokkur kvenna</b>	FH/ÍH
<b>4. flokkur karla</b>	Breiðablik	<b>4. flokkur kvenna</b>	Stjarnan/Álftanes
<b>Deildarbikarkeppni KSÍ</b>			
<b>Lengjubikar karla - A deild</b>	Breiðablik	<b>Lengjubikar kvenna - A deild</b>	Valur
<b>Lengjubikar karla - B deild</b>	Þróttur V	<b>Lengjubikar kvenna - B deild</b>	Afturelding
<b>Lengjubikar karla - C deild</b>	Árborg	<b>Lengjubikar kvenna - C deild</b>	Haukar
<b>Meistarakeppni KSÍ</b>			
<b>Meistaraflokkur karla</b>	Víkingur R	<b>Meistaraflokkur kvenna</b>	Víkingur R

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2024															
	Víkingur R	ÍA	Breiðablik	KR	Fram	FH	Valur	Stjarnan	Vestri	KA	Fylkir	HK	Röð	Alls	Meðaltal
Víkingur R		987	2108	785	725	1354	1208	1438	705	885	635	525		11,355	1032
ÍA	348		1069	524	650	469	674	353	748	474	624	1048		6,981	635
Breiðablik	2215	1170		804	1024	1823	1654	1073	1218	931	586	1574		14,072	1279
KR	2170	1125	2107		1107	1007	1899	507	707	1321	968	707		13,625	1239
Fram	1403	787	1247	562		510	577	919	1861	1079	1032	593		10,570	961
FH	1257	757	787	1437	567		857	657	1076	637	727	697		9,456	860
Valur	1834	1541	821	785	1674	530		678	782	1277	435	673		11,030	1003
Stjarnan	729	824	903	1373	769	824	1103		627	603	627	703		9,085	826
Vestri	432	463	321	152	550	273	450	281		267	210	553		3,952	359
KA	760	520	515	745	540	640	690	595	660		591	475		6,731	612
Fylkir	638	785	553	1521	512	1157	1623	1096	673	658		898		10,114	919
HK	806	980	1361	740	490	810	841	507	317	350	762			7,964	724
Röð															
Alls úti	12,592	9,939	11,792	9,428	8,608	9,397	11,576	8,104	9,374	8,482	7,197	8,446		114,935	871
Meðaltal	1,239	908	1,098	796	845	826	1,012	722	932	830	644	755			

Árskýrslur nefnda KSÍ 2024

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2024 Efri hluti											
	Breiðablik	FH	ÍA	Stjarnan	Valur	Víkingur			Alls heima	Meðaltal	Röð
Breiðablik			720	1234	1106	2500			5,560	1390	
FH	1137				387				1,524	762	
ÍA		532				524			1,056	528	
Stjarnan		723	627						1,350	675	
Valur			684	927		1039			2,650	883	
Víkingur		606		894					1,500	750	
Alls úti	1,137	1,861	2,031	3,055	1,493	4,063			13,640	909	
Meðaltal	1,137	620	677	1,018	747	1,354					
Röð											

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2024 Neðri hluti											
	Fram	Fylkir	HK	KA	KR	Vestri			Alls heima	Meðaltal	Röð
Fram		857		314		379			1,550	775	
Fylkir				598	459				1,057	529	
HK	674	400							1,074	537	
KA			525		433	462			1,420	473	
KR	907		707			507			2,121	707	
Vestri		201	407						608	304	
Alls úti	1,581	1,458	1,639	912	892	1,348			7,830	522	
Meðaltal	791	486	546	456	446	449					

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild kvenna 2024 - Fyrri hluti												
	Breiðablik	Valur	Þór/KA	Tindastóll	FH	Fylkir	Víkingur	Stjarnan	Þróttur	Keflavík	Alls	Meðaltal
Breiðablik		112	153	126	242	207	454	283	162	438	2,177	242
Valur	821		156	112	213	157	173	167	200	200	2,199	244
Þór/KA	204	254		212	137	103	185	167	173	178	1,613	179
Tindastóll	89	208	347		160	127	150	98	150	104	1,433	159
FH	157	344	149	187		129	217	163	286	101	1,733	193
Fylkir	387	207	197	209	512		209	258	749	301	3,029	337
Víkingur	343	409	323	108	97	552		202	203	204	2,441	271
Stjarnan	117	128	105	107	207	124	304		210	115	1,417	157
Þróttur	867	221	91	120	121	117	220	119		169	2,045	227
Keflavík	90	60	65	65	77	85	110	110	65		727	81
Alls úti	3,075	1,831	1,433	1,120	1,524	1,394	1,568	1,284	2,036	1,372	18,814	209
Meðaltal	342	216	176	138	196	178	225	174	244	201		

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild kvenna 2024 Efri hluti

	Breiðablik	FH	Valur	Víkingur	Þróttur R	Þór/KA	Alls heima	Meðaltal
Breiðablik		507		107		127	741	371
FH				102	102		204	102
Valur	1625	125			142		1,892	631
Víkingur			455		308		763	382
Þróttur R	104					72	176	88
Þór/KA		138	278	157			573	191
Alls úti	1,729	770	733	366	552	199	4,349	290
Meðaltal	865	257	367	122	184	100		
Röð								

Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild kvenna 2024 Neðri hluti

	Fylkir	Keflavík	Stjarnan	Tindastóll	Alls heima	Meðaltal
Fylkir		167			167	167
Keflavík			95		95	95
Stjarnan	148			74	222	111
Tindastóll	313	104			417	209
Alls úti	461	271	95	74	901	150
Meðaltal	231	136	95	74		

Þátttaka í mótum innanhúss 2025 - Fjöldi liða

	2025
Meistaraflokkur karla	13
Meistaraflokkur kvenna	4

**Sigurvegarar í Futsal-innanhússmótum 2025**

Íslandsmót

Meistaraflokkur karla

Ísbjörninn

Meistaraflokkur kvenna

Selfoss

**Skýrsla dómaranefndar**

Sú breyting varð á skipan dómaranefndar 2024 að Bragi V Bergmann, og Jovana Cosic hættu í nefndinni og er þeim þakkað fyrir þeirra framlag.

Gunnar Jarl Jónsson fyrrverandi FIFA dómari, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Oddur Helgi Guðmundsson fyrrverandi FIFA aðstoðardómarar komu einnig nýir inn í nefndina.

Mist Edvardsdóttir starfaði fyrsta mánuðinn á starfstíma nefndarinnar en lét af störfum þegar henni bauðst starf í sjónvarpi sem sérfræðingur í Bestudeild kvenna.

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum árið 2024: Egill Arnar Sigurþórsson formaður, Bryndís Sigurðardóttir, Gunnar Jarl Jónsson, Halldór Breiðfjörð, Hjalti Þór Halldórsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson, og Oddur helgi Guðmundsson.

Egill Arnar formaður nefndarinnar flutti erlendis á árinu og tók Egill Már Markússon við sem formaður dómaranefndar í lok nóvember.

Starfsmenn dómaramála á skrifstofu KSÍ eru Magnús Jónsson, Pjetur Sigurðsson og Þóroddur Hjaltalín.

Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Nýir og hættir landsdómarar**

Arnpór Helgi Gíslason, Brynjar Þór Elvarsson, Guðni Freyr Ingvason, Guðni Páll Kristjánsson, Jens Elvar Sævarsson, Jovan Subic, Ronnarong Wongmahadthai og Þorfinnur Þorfinnsson komu inn sem nýir landsdómarar árið 2024. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum: Helgi Hrannar Briem, Helgi Ólafsson, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Þorvaldur Árnason Er þeim þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina.

**Störf landsdómara**

Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhúsmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

Innlend störf landsd.	Dómari	Aðstoðardómari	Varadómari	Samtals
2024	1.030	971	288	2.289
2023	1.026	964	262	2.252
2022	1.004	968	201	2.173
2021	913	874	171	1.958
2020	730	721	186	1.637
2019	912	969	221	2.102
2018	937	993	209	2.139
2017	945	887	204	2.036
2016	942	761	195	1.898
2015	912	825	64	1.801
2014	936	877	48	1.861
2013	985	874	52	1.911
2012	943	834	48	1.825
2011	1.065	706	40	1.811
2010	881	931	44	1.856
2009	906	898	51	1.855
2008	703	694	68	1.465
2007	676	527	39	1.252
2006	680	537	42	1.259
2005	687	606	36	1.329

### Aðrir KSÍ-dómarar

Um 150 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig á leikjum þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla, Lengju og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Bestu-deild kvenna og í Lengju og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

Innlend störf KSÍ dómara	Störf sem dómari	Störf sem aðstoðardómari	Verkefni samtals
2024	1.090	2.009	3.099
2023	849	2.204	3.053
2022	606	2.261	2.867
2021	836	2.062	2.898
2020	294	2.111	2.405
2019	766	1.783	2.549
2018	775	1.887	2.662
2017	614	1.933	2.609
2016	617	1.908	2.525
2015	663	1.895	2.558
2014	594	2.010	2.604
2013	773	1.747	2.520
2012	229	1.510	1.739
2011	324	1.279	1.603
2010	382	1.357	1.739
2009	248	1.199	1.447
2008	443	793	1.236
2007	321	887	1.208
2006	283	745	1.028
2005	270	742	1.012

### Futsal

Innlend störf Futsal dómara	
2024	211
2023	132
2022	117
2021	108
2020	0
2019	129
2018	201
2017	140
2016	106
2015	174
2014	180
2013	176
2012	84
2011	84
2010	116
2009	50
2008	112

Móti aflýst 2020 vegna Covid-19.

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

Fjöldi dómara starfa sem KSÍ raðar dómurum á	
2024	5.388
2023	5.305
2022	5.040
2021	4.964
2020	4.042
2019	4.651
2018	4.592
2017	4.785
2016	4.423
2015	4.735
2014	4.465
2013	4.431
2012	3.830
2011	3.606
2010	3.595
2009	3.248
2006	2.259

### Niðurröðun.

2024 er metár þegar kemur að mönnun dómara starfa á KSÍ leiki.

Áskoranirnar voru margar og krefjandi og tókst að leysa úr þeim á farsælan hátt.

Sem dæmi um leikjamagn þá er algengt að skrifstofa KSÍ raði dómurum á 300 störf í viku.

Þetta er sérstaklega krefjandi frá miðjum júlí og út ágúst þar sem helmingur dómarahópsins er oft á tíðum í sumarfríum erlendis. Það segir sig sjálfst að það eru ekki mörg fyrirtæki sem ráða við það að helmingur starfsmanna fer í frí á sama tíma. Eins og áður tókst að manna alla leiki þessa mánuði en oft mátti litlu muna.

Ofan á þetta bætist síðan gífurlega mikil mönnun leikja sem félögin bera ábyrgð á.

Niðurröðunarnefnd vill nota tækifærið að þakka dómurum fyrir þeirra framlag á árinu.

### Milliríkjadómarar og erlend verkefni

Ein breyting voru gerðar á milliríkjadómarahópnum frá 2023.

Aðstoðardómarinn Ragnar Þór Bender kom inn í hópinn í stað Jóhanns Gunnars Guðmundssonar

FIFA hópurinn var skipaður eftirtöldum dómurum 2023.

FIFA-dómarar:

Bríet Bragadóttir  
Ívar Orri Kristjánsson  
Þorvaldur Árnason

Helgi Mikael Jónasson  
Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson

FIFA-aðstoðardómarar:

Andri Vigfússon  
Egill Guðvarður Guðlaugsson  
Gylfi Már Sigurðsson  
Ragnar Þór Bender

Birkir Sigurðarson  
Eysteinn Hrafnkelsson  
Kristján Már Ólafs  
Rúna Kristín Stefánsdóttir

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara og eftirlitsmanna árið 2024 koma fram í sérstöku yfirliti.



### Erlend verkefni

Íslenskir dómarmar og eftirlitsmenn störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2024. Árin 2020 og 2021 varð veruleg fækkun á erlendum verkefnum vegna heimsfaraldursins. Á árinu 2022 fjölgaði störfum á ný þó ekki hafi fjöldi starfa náð þeim hæðum sem var fyrir heimsfaraldurinn. Íslenskir dómarmar störfuðu á 23 leikjum erlendis á árinu og íslenskir eftirlitsmenn á 31.

Ein af ástæðum fyrir fækkun starfa er sú að leikjum á vegum FIFA/UEFA, þar sem krafist er að dómarmar séu með VAR réttindi, hefur fjölgað gríðarlega. Einungis einn FIFA dómari og tveir FIFA aðstoðardómarmar voru með VAR réttindi í byrjun árs.

Á árinu fjölgaði dómurum með VAR réttindi og eins og staðan er núna eru 4 dómarmar og 7 aðstoðardómarmar með réttindin. Vonandi mun þessi fjölgun dómara með VAR réttindi hafa þau áhrif að tilnefningu íslenskra dómara í verkefni á vegum UEFA og FIFA muni fjölga.

Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda leikja íslenskra dómara og eftirlitsmanna á erlendri grundu frá árinu 2012.

#### Erlend verkefni FIFA dómara

2024	23
2023	32
2022	28
2021	18
2020	8
2019	53
2018	43
2017	37
2016	41
2015	44
2014	51
2013	51
2012	38

#### Erlend verkefni FIFA eftirlitsmanna

2024	31
2023	30
2022	28
2021	20
2020	3
2019	34
2018	31
2017	29
2016	23
2015	27
2014	20
2013	21
2012	17

### Dómaraskipti

Dómarinn Bríet Bragadóttir og aðstoðarardómarinn Eydís Ragna Einarsdóttir dæmdu leik PK35-Aland United í efstudeild kvenna Finnlandi. Karlamegin dæmdi Elías Ingi Árnason ásamt aðstoðardómaranum Patrik Frey Guðmundssyni leik Varbergs BoisFC-ÍK Brage í næst efstudeild í Svíþjóð. Twana Khalid dæmdi leik Stabaæk-Raufoss í Noregi ásamt aðstoðardómaranum Þórði Arnari Árnasyni.

### VAR þjálfun.

Þrjú dómarmar og fimm aðstoðardómarmar tóku þátt í VAR þjálfun á árinu.

Fyrri hluti námskeiðsins fór fram á Englandi og seinni hlutinn í Danmörku.

Eins og staðan er í dag eru fjórir íslenskir dómarmar og sjö aðstoðardómarmar með VAR réttindi. Einungis 4 þjóðir eru hvorki að nota VAR eða í innleiðingarferli á VAR og er Ísland eitt þessara landa.

Ef ákvörðun verður tekin um að taka upp VAR á Íslandi verða dómarmarnir klárir.

## Refpal

Nýtt leikgreiningar forrit sem er sérhannað fyrir dómara var tekið í notkun á árinu og leysir af Sportmatrix kerfið sem notað hefur verið í fjölda ára.

Nýja kerfið sem ber heitið Refpal og er með höfuðstöðvar í Eistlandi, býður upp á mun fleiri möguleika en eldra kerfið. Eftir allar umferðirnar í Bestu deild karla fara Bestu deildar dómarnir inn á síðuna, rýna í valdar klippur og segja sitt álit á þeim. Starfsmaður dómaramála og meðlimur í dómaranefnd koma síðan með endanlega niðurstöðu um hvað hefði átt að dæma í hverju tilfalli á fundum með Bestudeildardómurum.

## UEFA - CORE

CORE er verkefni á vegum UEFA þar sem unnið er á mjög faglegan hátt með dómaratrío frá öllum aðildarlöndum þess. Námskeiðið fer fram í Nyon í tveimur 6 daga lotum. Stór hluti dómara og aðstoðardómara í Bestu deild hefur farið í gegnum CORE verkefnið og að mati dómaranefndar er sú þekking og færni sem dómarnir taka út úr þessum námskeiðum ómetnaleg fyrir íslenska knattspyrnu.

Verkefninu var hleypt af stokkunum 2010 og hafa 25 þjóðir tekið þátt í því á hverju ári.

Ísland hefur tekið þátt í verkefninu frá byrjun en því miður fékk Ísland ekki þáttökurétt á árinu 2024.

Það er von dómaranefndar að Ísland öðlist þáttökurétt sem fyrst aftur því það er óumdeilt að þátttaka íslenskra dómara í verkefninu er gríðarlega mikilvæg fyrir íslenska knattspyrnu.

## Þrekæfingar dómara

Frosti Viðar Gunnarsson fyrrum dómaranefndarmaður og FIFA aðstoðardómari er þrekþjálfari dómara. Allir landsdómarnir eru með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt.

Allir landsdómarnir eru með kort í líkamsræktarstöð.

Auk þess er ein sameiginleg æfing í líkamsræktarstöðinni Metabolic í hverri viku.

Í mars þurfti landsdómarahópurinn að standast staðlað þrekpróf frá FIFA til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist.

Í ágúst tóku dómarnir sem munu skipa skipa FIFA hópinn 2025 þrekpróf.

UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukkum og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.

## Mælingar á líkamlegu ástandi dómara.

Á árinu var farið í samstarf við Háskóla Íslands þar sem mælt var líkamlegt ástand afreksdómara. Verkefninu var stýrt af Milos Petrovic yfirmanns rannsóknarmiðstöðvar íþróttar og heilsuvísindavið Háskóla Íslands og Gunnari Jarli dómaranefndarmanni.

## Dómaraáfangi í FSU.

Vinna við að koma dómaraáfangi inn í Fjölbrotarskóla Suðurlands er í fullum gangi og stefnt er að því að byrja með áfangann á haustönn 2025.

## Dómaranámskeið

KSÍ heldur mörg dómara námskeið í höfuðstöðvum KSÍ á hverju ári. Einnig geta aðildarfélögin pantað til sín byrjendadómara námskeið sem haldin eru hjá félögunum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og fjöldi nýrra dómara útskrifast sem unglíngadómarar á ári hverju. Það er greinilegt að þörfin fyrir námskeiðin er mikil og hafa mörg félög bókað námskeið á næstu mánuðum. Kennarar á námskeiðunum eru Helgi Mikael Jónasson, Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Á byrjendanámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Mikilvægt er að þau félög sem panta til sín byrjendanámskeið leggi vinnu í það að fá inn fólk á námskeiðið sem nýtist þeim og styrki það starf sem fyrir er. Það að boða eingöngu 3. flokk félagsins og láta þar við sitja er ekki vænlagt til árangurs.

Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan aðstoðardómara námskeið, dómara námskeið og héraðsdómara námskeið en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum.

Þróun í fjölda nýrra unglíngadómara hin síðari ár hefur verið þessi:

#### Nýir unglíngadómarar.

2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013
187	198	114	175	198	226	203	208	473	513	462	449

#### Héraðsdómara námskeið

Helgi Mikael Jónasson og Þóroddur Hjaltalín voru kennarar á héraðsdómara námskeiðunum. Eins og áður sagði er megináherslan á unglíngadómara námskeiðum á knattspyrnulögin. Á héraðsdómara námskeiðum er farið í ýmis tæknileg atriði sem dómari þarf að kunna skil á í leik eins og samstarf, staðsetningar, hóp mót mæli og framkvæmd aukaspyrna svo eitthvað sé nefnt.

#### Virkir dómarar.

2024	2023	2022	2021
627	591	585	707

Það er mikið áhyggjuefni hjá UEFA og FIFA að dómurum hefur fækkað mjög mikið í aðildarlöndunum.

Sérstaklega var fækkunin mikil í Covid og erfiðlega hefur gengið hjá aðildarlöndunum að fjölga dómurum á milli ára.

#### Hæfileikamótun.

10 dómarar tóku þátt í hæfileikamótuninni í ár. Hver dómari er í 2 ár í verkefninu. Kerfið er þannig byggt upp að lærlingurinn fær læriföður sem fylgist með honum í 5 leikjum yfir árið. Í ár voru eingöngu lærlingar úr hópi landsdómara sem tóku átt í verkefninu.

#### Eftirlit með leikjum og störfum dómara

35 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2024. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara.

#### Dómarasáttmálinn.

Ísland hefur verið aðili að dómarasáttmála UEFA frá árinu 2009. Auk fjárhagslegs styrks er hér einnig um að ræða viðurkenningu á því að KSÍ er að uppfylla þá gæðastuðla sem krafist er af UEFA þegar kemur að dómaramálum. KSÍ þarf á hverju ári að skila skýrslu um hvernig

fjármagninu frá UEFA er ráðstafað og einnig hvernig staðið er að dómamálum að hálfu sambandsins.

Vladimir Antonov fulltrúi UEFA kom til Íslands í apríl til að taka út starfsemina í dómaramálum.

### **Knattspyrnulögin**

Frá árinu 2005 hefur Gylfi Þór Orrason borið hitann og þungan af útgáfu knattspyrnulaganna. Metnaðurinn og vinnusemin sem Gylfi hefur lagt í málaflökkinn í gegnum árin er ómetanlegur fyrir íslenska knattspyrnu.

Gylfi ákvað á árinu að segja þetta gott og tók Þóroddur Hjaltalín við keflinu.

Á þessum tímamótum vill dómaranefnd koma á framfæri þakklæti til Gylfa fyrir hans framlag á þessu sviði.

### **Lokaorð**

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu 2024.

*Egill Arnar Sigurþórsson, formaður*

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

Innlend verkefni dómara 2024

	Íslandsmót karla															Samtals mfl. karla	Íslandsmót kvenna								Samtals mfl. kv.	Verkefni														
	BD karla		1. deild			2. deild			3. deild			4. deild			5. deild			2.fl.		karla		karla		kvenna		kvenna		D	AD	VD										
	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D		AD	D	AD	D	AD	D	AD	D		AD	D				AD									
<b>FIFA-dómarar:</b>																																								
Briet Bragadóttir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	8	0	1	0	1	0	3	0	1	0	14	0	15	0	6
Helgi Mikael Jónsson	17	0	10	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	4	0	9	0	41	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	43	0	6	
Ívar Orri Kristjánsson	19	0	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	4	0	31	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	31	0	2	
Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	20	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	6	0	33	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	33	0	7		
Þorvaldur Árnason	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
<b>Bestu-deildir dómara:</b>																																								
Amar Þór Stefánsson	6	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	3	0	5	0	17	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	2	0	0	2	0	19	0	12	
Elias Ingi Árnason	16	0	4	0	1	0	0	0	1	0	0	0	1	0	3	0	7	0	33	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	34	0	15		
Erlendur Eiríksson	17	0	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	0	5	0	33	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	35	0	6			
Jóhann Ingi Jónsson	16	0	4	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	6	0	29	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	30	0	9					
Pétur Guðmundsson	18	0	7	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	5	0	2	0	34	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	34	0	5				
Sigurður Hjörtur Þrastarson	19	0	8	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	2	0	4	0	36	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	4	0	40	0	4						
Twana Khalid Ahmed	5	0	12	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	3	0	29	0	6	0	0	0	0	1	0	1	0	8	0	37	0	24						
<b>FIFA aðstoðardómarar:</b>																																								
Andri Vigfússon	0	20	0	5	0	3	0	0	0	0	0	1	0	0	4	0	6	1	38	3	0	0	0	0	0	0	0	0	1	3	1	4	39	0						
Birkir Sigurðarson	0	24	0	3	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	3	0	3	0	34	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	34	0					
Egill Guðvarður Guðlaugsson	0	27	0	11	0	2	0	1	0	0	0	0	1	0	5	0	5	0	52	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	52	1						
Eysteinn Hrafnkelsson	0	22	0	7	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	5	0	38	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	38	0						
Gyflí Már Sigurðsson	0	24	0	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	8	4	37	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	37	0						
Kristján Már Ólafsson	0	22	0	10	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	5	0	41	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	41	1						
Ragnar Þór Bender	0	26	0	5	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	4	0	5	0	42	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	44	0							
Rúna Kristín Stefánsdóttir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0					
<b>Bestu-deildir aðstoðadómara:</b>																																								
Antonius Bjarki Halldórsson	0	14	0	6	0	1	0	0	0	0	0	0	1	0	4	0	2	1	27	0	0	0	1	0	0	0	1	0	0	0	2	1	29	0						
Bergur Daði Ágústsson	0	18	0	7	0	2	0	0	0	0	0	0	1	0	2	0	4	0	34	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	37	1							
Bryngjör Valdmarsson	0	23	0	5	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	6	0	5	0	40	0	3	0	0	0	0	1	0	0	0	4	0	44	1							
Eðvarð Eðvarðsson	0	17	0	5	0	6	0	1	1	0	0	0	2	0	2	0	5	3	36	0	0	0	0	3	1	0	0	1	3	2	6	38	0							
Guðmundur Ingi Bjarnason	0	27	0	9	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	9	0	50	0	6	0	0	1	0	0	0	2	1	8	1	58	1							
Patrík Freyr Guðmundsson	0	18	0	7	0	5	0	2	0	0	0	0	1	1	0	3	0	5	1	41	0	4	0	0	0	0	1	0	0	5	1	46	1							
Smári Stefánsson	0	0	0	3	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	4	0	9	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	10	0								
Sveinn Ingi Sigurjónsson Waage	0	12	0	12	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	3	0	6	0	36	0	3	0	0	0	0	0	2	0	5	0	41	0							
Þórorður Amar Árnason	0	22	0	6	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	6	0	43	0	3	0	0	0	0	0	1	0	0	4	0	47	1							

	D		AD		D		AD		D		AD		D		AD		D		AD		D		AD		D		AD		VD						
	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD	D	AD							
<b>Aðrir landsdómarar</b>																																			
Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson	0	0	8	0	7	0	1	0	0	0	0	0	4	0	2	0	3	0	25	0	6	0	0	0	0	1	0	3	0	10	0	35	0	20	
Amar Ingi Ingvarsson	1	0	10	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	7	0	23	0	5	0	0	0	0	0	0	2	0	7	0	30	0	17	
Arnþór Helgi Gíslason	0	0	0	14	0	1	0	1	0	0	0	0	6	0	2	0	3	0	27	0	11	0	0	0	0	0	0	1	0	12	0	39	0		
Atli Haukur Arnarsson	0	0	0	0	6	0	0	0	2	0	0	0	1	0	2	0	4	0	15	0	6	0	0	0	0	0	2	0	8	0	23	0	4		
Ásmundur Þór Sveinsson	0	0	0	0	9	0	4	0	2	0	0	0	0	0	0	1	0	1	16	0	5	0	2	0	1	0	0	1	0	11	0	27	0	4	
Bergvin Fannar Gunnarsson	0	0	0	10	3	2	0	1	1	0	0	0	1	0	1	4	2	10	16	0	3	0	0	0	1	2	0	0	1	2	5	12	21	6	
Birgir Þór Þrastarson	0	0	0	0	9	0	6	0	0	1	0	2	0	2	0	5	0	25	0	3	0	0	0	1	0	2	0	0	0	6	0	31	0	1	
Breki Sigurðsson	0	0	0	0	5	0	6	0	2	0	1	0	6	0	1	0	5	1	26	1	6	0	0	0	1	0	0	2	0	9	0	35	1	9	
Bergþór Ljón Uluðóttir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	1	0	2	0	3	0	2	0	13	0	5		
Daníel Ingi Þórrson	0	0	0	15	0	6	0	0	0	0	0	1	0	0	0	6	0	8	0	36	0	4	0	0	0	0	0	0	0	4	0	40	2		
Eydis Ragna Einarsdóttir	0	0	0	0	0	0	3	0	4	0	0	0	3	0	0	0	0	0	10	0	17	0	2	0	1	0	2	0	5	0	27	0	37	0	
Guðgeir Einarsson	0	0	5	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	10	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	0	11	0	1		
Guðmundur Páll Friðbertsson	0	0	3	0	11	0	2	0	0	0	1	0	1	0	3	0	5	0	26	6	4	0	0	0	0	0	0	2	0	6	0	32	6	13	
Guðmundur Valgeirsson	0	0	0	0	0	1	0	1	0	0	0	0	6	0	0	0	0	0	6	2	0	1	0	0	2	0	0	0	2	1	8	3	3		
Gunnar Freyr Róbertsson	2	0	13	0	2	0	0	0	0	0	0	0	1	0	3	0	6	0	27	0	6	0	0	0	0	0	1	0	0	7	0	34	0	16	
Gunnar Oddur Hafliðason	3	0	13	0	7	0	1	0	0	0	2	0	3	0	3	0	7	0	39	0	2	0	1	0	0	2	0	1	0	6	0	45	0	21	
Brynjar Þór Elvarsson	0	0	0	0	4	0	4	0	3	0	0	2	0	2	0	2	0	17	0	3	0	0	0	1	0	2	0	1	1	7	1	24	1	3	
Guðni Freyr Ingason	0	3	0	15	0	5	1	0	0	0	0	0	3	0	0	3	0	4	4	30	0	6	1	0	1	0	1	0	3	7	7	37	2		
Guðni Páll Kristjánsson	0	0	0	0	5	0	4	0	3	0	0	0	5	0	0	0	0	17	0	2	0	0	0	1	0	1	0	2	0	6	0	23	0	4	
Hreinn Magnússon	0	5	0	8																															

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

Alþjóðleg verkefni dómara á erlendri grundu										
Nr.	Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Dómari	Aðstoðardómari 1	Aðstoðardómari 2	Fjórði dómari	
1	20.05.2024	Albanía	Elbasan	Regent Cup	Vayk-Albania Amateur			Guðmundur Ingi Bjarnason	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	
2	26.05.2024	Albanía	Elbasan	Regent Cup	Albania Amateur-Saue JK	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Guðmundur Ingi Bjarnason			
3	11.07.2024	Luxemborg	Differdange	Sambandsdeildin	FC UNA Strassen-KuPS Kuopio	Helgi Mikael Jónasson	Gylfi Már Sigurðsson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	
4	25.07.2024	Belgía	Gent	Sambandsdeildin	Gent - Víkingur Fær.	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Gylfi Már Sigurðsson	Kristján Már Ólafs	Eliás Ingi Árnason	
5	25.07.2024	N-Írland	Belfast	Sambandsdeildin	Cliftonville-FK Auda	Helgi Mikael Jónasson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Eysteinn Hrafnkelsson	Ívar Orri Kristjánsson	
6	01.08.2024	Wales	Bangor	Sambandsdeildin	Caerarfon-Legia	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Gylfi Már Sigurðsson	Helgi Mikael Jónasson	
7	08.08.2024	Írland	Dublin	Evrópudeildin	Saint Patrick-FC Sabah	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Gylfi Már Sigurðsson	Birkir Sigurðarson	Helgi Mikael Jónasson	
8	05.09.2024	Holland	Almere	U-21	Holland-N-Makidonia	Ívar Orri Kristjánsson	Birkir Sigurðarson	Andri Vigfússon	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	
9	17.08.2024	Finnland	Helsinki	Finnland-Efstadeild kvenna	PK-35-Aland United	Briet Bragadóttir		Eydis Ragna Einatsdóttir		
10	16.09.2024	Noregur	Oslo	Obosligaen	Stabæk-Raufoss	Twana Khalid		Þórður Arnar Árnason		
11	18.09.2024	Frakkland	Poissy	Youth League	Paris-Girona	Helgi Mikael Jónasson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Eysteinn Hrafnkelsson		
12	22.09.2024	Svíþjóð	Gautaborg	Superettan	Varbergs BoIS FC-ÍK Brage	Eliás Ingi Árnason		Patrik Freyr Guðmundsson		
13	06.11.2024	England	Leigh	Youth League	Man.United-FK Zalgiris Vilnius	Helgi Mikael Jónasson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Ragnar Þór Bender		
14	13.11.2024	San Marínó	Acquaviva	Regent Cup	Nat San Marino-Hungary	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Ragnar Þór Bender			
15	13.11.2024	Skotland	Dumbarton	U-19	Frakkland-Liechtenstein	Helgi Mikael Jónasson	Kristján Már Ólafs			
16	16.11.2024	Skotland	Greenock	U-19	Skotland-Liechtenstein	Helgi Mikael Jónasson	Kristján Már Ólafs			
17	16.11.2024	San Marínó	Acquaviva	Regent Cup	Hungary-Medobönska	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	Ragnar Þór Bender			
18	19.11.2024	San Marínó	Acquaviva	Regent Cup	Medobönska-NAT San Marino			Ragnar Þór Bender	Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson	
19	19.11.2024	Skotland	Stirling	U-19	Skotland-Frakkland			Kristján Már Ólafs	Helgi Mikael Jónasson	
20	27.11.2024	Serbía	Belgrad	Youth League	FK CrvenaZvezda-VFB Stuttgart	Helgi Mikael Jónasson	Egill Guðvarður Guðlaugsson	Guðmundur Ingi Bjarnason		
21	27.11.2024	Króatía	Lucko	U-19	Slovenia-Malta				Briet Bragadóttir	
22	30.11.2024	Króatía	Zapresic	U-19	Slovenia-Luxemborg	Briet Bragadóttir				
23	03.12.2024	Króatía	Zapresic	U-19	Króatía-Slóvenia	Briet Bragadóttir				

Ársskýrslur nefnda KSÍ 2024

Alþjóðleg verkefni eftirlitsmanna						
Dags.	Land	Leikstaður	Mót og lið	Leikur	Eftirlitsdómari	
1 07.03.2024	Holland	Amsterdam	Sambandsdeildin	Ajax-Aston Villa	Gylfi Þór Orrason	
2 26.03.2024	England	Bolton	U-21	England-Luxemborg	Gylfi Þór Orrason	
3 15-28.7.2024	N-Írland	Belfast	Úrslitakeppni U-19	Ríðill	Gylfi Þór Orrason	
4 11.07.2024	Litháen	Riga	Sambandsdeildin	Auda-B36	Gunnar Jarl Jónsson	
5 11.07.2024	England	Oswestry	Sambandsdeildin	Bala Town-Paide	Kristinn Jakobsson	
6 16.07.2024	Finnland	Helsinki	Meistaradeildin	HJK-FK Panevezys	Þóroddur Hjaltalín	
7 25.07.2024	Gibraltar	Gibraltar	Sambandsdeildin	Maggies - FCK	Gylfi Þór Orrason	
8 25.07.2024	Skotland	Kilmarnock	Evrópudeildin	Kilmarnock-Cercle Brugge	Kristinn Jakobsson	
9 25.07.2024	Svíþjóð	Stokkhólmur	Sambandsdeildin	Djurgarden-Progres	Þóroddur Hjaltalín	
10 31.07-6.8 2024	Finnland	Varnaa	Regions Cup	Ríðill	Þóroddur Hjaltalín	
11 01.08.2024	Slóvenía	Ljubljana	Sambandsdeildin	NK Bravo - HSK Zrinjski	Gunnar Jarl Jónsson	
12 08.08.2024	Færeyjar	Þórshöfn	Evrópudeildin	Klaksvík-Borac Banja Luka	Gylfi Þór Orrason	
13 14.08.2024	Lettland	Riga	Evrópudeildin	Fc RFS - Santa Coloma	Kristinn Jakobsson	
14 15.08.2024	Belgía	Brussel	Sambandsdeildin	Gent-Silkeborg	Þóroddur Hjaltalín	
15 15.08.2024	Norður Írland	Larne	Sambandsdeildin	Larne FC - FC Ballkani	Gunnar Jarl Jónsson	
16 22.08.2024	Serbía	Belgrad	Sambandsdeildin	FK Partizan-KAA Gent	Gylfi Þór Orrason	
17 04.09-08.09 2024	England		Meistaradeildin KVK	Ríðill	Gunnar Jarl Jónsson	
18 07.09.2024	Þýskaland	Dusseldorf	Þjóðardeildin	Þýskaland-Ungverjaland	Gylfi Þór Orrason	
20 02.10.2024	Ísland	Garðabær	Youth League	Stjarnan-University College Dublin A	Gunnar Jarl Jónsson	
21 03.10.2024	Grikkland	Thessaloniki	Evrópudeildin	PAOK-FCSB	Gylfi Þór Orrason	
22 03.10.2024	Pólland	Warsaw	Sambandsdeildin	Legia-Betis	Kristinn Jakobsson	
23 11.10.2024	Pólland	Pristina	U-21	Kosovo-Pólland	Gunnar Jarl Jónsson	
24 13.10.2024	Liechtenstein	Vaduz	Þjóðardeildin	Lichtenstein-Gibraltar	Kristinn Jakobsson	
25 24.10.2024	Tékkland	Mlada Boleslav	Sambandsdeildin	Mladá Boleslav-Lugano	Kristinn Jakobsson	
26 07.11.2024	Svíþjóð	Stokkhólmur	Sambandsdeildin	Djurgarden-Panathinaikos	Þóroddur Hjaltalín	
27 13.11.2024	Króatía		U-19	Ríðill	Þóroddur Hjaltalín	
28 13.11.2024	Svíþjóð		U-19	Ríðill	Gylfi Þór Orrason	
29 16.11.2024	Svíþjóð	Solna	Þjóðardeildin	Svíþjóð-Slóvakía	Gunnar Jarl Jónsson	
30 11.12.2024	England	London	Meistaradeildin	Arsenal-Monaco	Gylfi Þór Orrason	
31 12.12.2024	Azerbaidjan	Sumgayit	Sambandsdeildin	Dinamo Minsk-Larne	Gunnar Jarl Jónsson	

## Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar



Eftirtaldir voru kosnir í aga- og úrskurðarnefnd á ársþingi KSÍ árið 2023 til tveggja ára: Gunnar Guðmundsson formaður, Björg Ásta Þórðardóttir varaformaður, Helgi R. Magnússon varaformaður, Andri Valur Ívarsson, Ásta Björk Eiríksdóttir, Erna Birgisdóttir, Gunnar Sverrir Gunnarsson og Pröstur Ríkharðsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðar nefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ, en hefur sér til aðstoðar starfsmann á skrifstofu KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 38 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Fjöldi spilaðra leikja í Íslandsmótum meistaraflokks karla árið 2024 voru 803 (819 leikir árið 2023). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks karla í voru veitt 5 gul spjöld að meðaltali í leik (4,5 árið 2023) en 0,29 rauð spjöld í leik (0,3 árið 2023).

Fjöldi spilaðra leikja í Íslandsmótum meistaraflokki kvenna voru 323 (311 leikir árið 2023). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna voru veitt 2,34 gul spjöld að meðaltali í leik (2,1 árið 2023) en 0,07 rauð í leik (0,09 árið 2023). Þó er fjöldi spjalda misjafn á milli deilda. Sjá hér að neðan yfirlit til frekari fróðleiks:

	Spjöld deilda árið 2024			Meðaltal spjalda á leik	
	Gul spjöld	Rauð spjöld	Leikjafjöldi	Gul spjöld	Rauð spjöld
Efsta deild karla	846	46	162	5,22	0,28
Lengjudeild karla	704	42	137	5,14	0,31
2. deild karla	679	31	132	5,14	0,23
3. deild karla	729	45	132	5,52	0,34
4. deild karla	444	22	90	4,93	0,24
5. deild karla	614	52	150	4,1	0,35
<b>Samtals:</b>	<b>4.016</b>	<b>238</b>	<b>803</b>	<b>5,008333333</b>	<b>0,29</b>
Efsta deild kvenna	267	7	111	2,4	0,06
1. deild kvenna	213	6	90	2,36	0,06
2. deild kvenna	278	13	122	2,28	0,1
<b>Samtals:</b>	<b>758</b>	<b>26</b>	<b>323</b>	<b>2,346666667</b>	<b>0,073333333</b>

Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 2.030.000,- keppnistímabilið 2023 sem er svipað og á árinu 2023 (kr. 2.046.000,-). Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra mála námu kr. 2.285.000 sem er hækkun frá árinu 2023 (1.975.000,-). Aga- og úrskurðarnefnd bærust 11 kærumál og kvað nefndin upp úrskurð í öllum þeirra. Tveimur úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Drago-styttturnar eru veittar háttvísustu liðunum efstu deildum karla og kvenna en stuðst er við fjölda gulra og rauðra spjalda. Breiðablik hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2024 í efstu deild karla og í efstu deild kvenna.

Samstarfsfólki mínu í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

*Gunnar Guðmundsson, formaður*

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2024 skipuðu Gísli Guðni Hall formaður, Birgir Tjörvi Pétursson og Eva Halldórsdóttir. Varamenn voru Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Ragnar Baldursson og Unnar Steinn Bjarndal. Starfsmaður nefndarinnar var Haukur Hinriksson.

### Leikmannasamningar (leikmannssamningar og sambandssamningar):

Þann 4. febrúar 2025 eru skráðir samningar á milli leikmanna og aðildarféлага hjá KSÍ 1159 samanlagt. Þar af eru 1073 leikmannssamningar (professional) og 86 sambandssamningar (amateur). Hlutfall skráðra leikmannssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 695 á móti 378 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna. Hlutfall skráðra sambandssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 34 á móti 52 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna.

### Málum vísað til nefndarinnar

Á þessu starfsári var sex málum vísað til samninga- og félagaskiptanefndar til úrlausnar. Einnig, líkt og undanfarin ár, eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ, leyst af skrifstofu sambandsins og lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félag og þá áður en mál eru lögð fyrir nefndina.

Eftirfarandi mál fengu formlega meðferð:

#### **Mál 1 2023: Arnar Grétarsson g. KA**

Samninga- og félagaskiptanefnd barst erindi þar sem leitast var eftir að fá álit nefndarinnar á því hvort ágreiningur AG og KA ætti undir nefndina. Í úrskurði nefndarinnar kom fram að hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ sé skilgreint í 28. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага. Í grein 28.1 segi að ef ágreiningsefni komi upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skuli nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Samkvæmt grein 28.3 skuli samninga- og félagaskiptanefnd taka einnig á öðrum málum þar sem ákvæði reglugerðarinnar eða ákvæði annarra reglugerða heimili málskot til hennar. Þar sem hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar sé skilgreint með skýrum hætti í reglugerð taldi nefndin sér óheimilt að úrskurða í málum sem falla utan hins skilgreinda hlutverks. Einkum og sér í lagi með tilliti til þess að úrskurðir nefndarinnar séu, samkvæmt grein 28.4, ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og þannig m.a. undanþegnir lögsögu almennra dómstóla. Samkvæmt framansögðu falli það utan hlutverks samninga- og félagaskiptanefndar að fjalla efnislega um erindið. Þegar af þeirri ástæðu var málinu vísað frá nefndinni.

#### **Mál 2 2024: Haukar g. Val**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar ágreining á milli Hauka og Vals um hlutdeild Hauka í félagaskiptagjaldi til Vals vegna félagaskipta Kristófers Jónssonar (KJ) úr Val í Triestina á Ítalíu skv. samningi frá 10. ágúst 2023 á grundvelli greinar 26.2. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага.

Það lá fyrir í málinu að Haukar og Valur sömdu í febrúar 2021 um félagaskiptagjald sem var umfram það sem greiða ber skv. 24. gr. félagaskiptareglugerðarinnar. Nefndin taldi ljóst af samningi aðila að þeir hafi samið ítarlega sín á milli um skilgreind hlutdeildarréttindi Hauka vegna mögulegrar sölu KJ frá Val til annars félags í framtíðinni. Leit nefndin svo á að eðli þessara hlutdeildarréttinda sem aðilar sömdu um væri hið sama og þeirra réttinda sem grein 26.2.2 er almennt ætlað að tryggja uppeldisfélögum leikmanna hér á landi.

Haukar byggðu kröfur sínar á því, að þar sem ekki sé með beinum og skýrum hætti kveðið á um í samningi aðila, að verið sé að greiða fyrir réttindi skv. grein 26.2.2 í félagaskiptareglugerðinni, eigi Haukar slík réttindi til viðbótar við þær hlutdeildargreiðslur sem um var samið. Á þetta féllst nefndin ekki. Í samningi aðila hafi með augljósum og afdráttarlausum hætti verið samið um tiltekna hlutdeildargreiðslur, sem jafnframt voru umfram þær greiðslur sem ákvæði 26.2.2 kveður á um. Mætti þannig ráða af efni samningsins að aðilar hafi þar verið að semja um þau réttindi sem nefnt ákvæði félagaskiptareglugerðarinnar kveður á um. Ekki verði gengið svo langt að gera þá kröfu, við þessar aðstæður, að aðilum hafi samhliða borið að vísa sérstaklega til ákvæðisins í félagaskiptareglugerðinni. Nefndin taldi með öðrum orðum að ákvæði 26.2.3 í félagaskiptareglugerðinni verði ekki túlkað á þann veg að það veiti Haukum skilyrðislausan rétt til frekari hlutdeildargreiðslna, umfram þær sem samið var um, vegna þess eins að til þess var ekki sérstaklega vísað í samningi aðila. Ábyrgð á skýrleika samnings hvílir á báðum samningsaðilum. Þó samningur aðila hafi sannanlega mátt vera skýrari um efni og eðli þeirra greiðslna sem um var samið, þá verður eftir sem áður byggt á þeirri almennu reglu kröfuréttar, að sá sem kröfu gerir beri að færa sönnur á þá kröfu. Nefndin taldi að það hafi Haukum ekki tekist.

Með vísan til framangreinds var það niðurstaða nefndarinnar að hafna beri kröfum Hauka á hendur Val vegna félagaskipta KJ frá Val til Triestina á grundvelli 26. greinar reglugerðar KSÍ um félagaskipti o.fl.

### **Mál 3 2024: Haukar og Fylkir g. Breiðablik**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar ágreining á milli Fylkis og Hauka gegn Breiðablik um hlutdeild í félagaskiptagjaldi vegna félagaskipta Dags Dan frá Breiðabliki til bandaríska MLS deildar félagsins Orlando skv. 26. grein félagaskiptareglugerðar KSÍ.

Í 29. gr. félagaskiptareglugerðar KSÍ er fjallað um hlutverk samnings- og félagaskiptanefndar. Samkvæmt grein 29.2 skal leggja ágreining milli íslenskra félaga við félagaskipti, m.a. um greiðslur o.fl., fyrir nefndina en samkvæmt grein 29.6 skal ágreiningsefni hafa borist nefndinni skriflega innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu átti sér stað. Berist nefndinni erindi eftir þetta tímamark skal nefndin vísa málinu frá. Í 26. gr. félagaskiptareglugerðarinnar er að finna sérákvæði fyrir leikmenn sem eru samningsleikmenn. Fylkir og Haukar byggðu kröfur sínar á ákvæði greinar 26.2. í reglugerðinni, sem ætlað er að tryggja uppeldisfélögum hlutdeild í mögulegu félagaskiptagjaldi til íslenskra félaga vegna félagaskipta við tiltekna aðstæður. Í undirgrein þess ákvæðis, nánar tiltekið í grein 26.2.5, kemur fram að miða skuli félagaskipti við dagsetningu alþjóðlegs flutningsskírteinis. Þau félagaskipti, í framangreindum skilningi, áttu sér stað 20. febrúar 2023 þegar félagaskipti fyrir Dag Dan voru afgreidd frá Breiðabliki til Orlando í gegnum félagaskiptakerfi (FIFA TMS), en þann dag hafi alþjóðlegt flutningsskírteini vegna félagaskiptanna verið dagsett.

Með hliðsjón af framangreindu leit nefndin svo á að atvik að baki ágreiningsefninu, í skilningi greinar 29.6, þ.e.a.s. félagaskipti Dags Dan til Orlando, hafi átt sér stað 20. febrúar 2023. Málskot Fylkis og Hauka barst nefndinni 21. mars 2024, en þá hafi ársfrestur félaganna til að bera ágreininginn undir nefndina verið liðinn. Verði því að líta svo á að málskotið sé of seint fram komið. Við þessar aðstæður beri nefndinni að vísa málinu frá, skv. fortakslausu ákvæði greinar 29.6 í félagaskiptareglugerðinni.

#### **Mál 4 2024: Keflavík gegn FH**

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar ágreining á milli Keflavíkur og FH um hlutdeild Keflavíkur í félagaskiptagjaldi til FH vegna félagaskipta Davíðs Snæs Jóhannessonar (DSJ) úr FH í AaFK í Noregi í janúar 2024, á grundvelli greinar 26.2 í félagaskiptareglugerðinni.

Að mati nefndarinnar verði við túlkun á grein 26.2 og undirgreinum 26.2.1 og 26.2.2 að horfa til þess hvernig bótakerfi félagaskiptareglugerðarinnar er uppbyggt og samspil þess við FIFA reglugerðina. Í þessu sambandi benti nefndin á, að skv. 1. gr. félagaskiptareglugerðarinnar sé hún sett samkvæmt FIFA reglugerðinni. Í greinargerð sem fylgdi breytingum á umræddum reglugerðarákvæðum í núverandi horf, sem kynntar voru í dreifibréfi nr. 4/2016, hafi athygli verið vakin á að nýtt félagaskiptabótakerfi félagaskiptareglugerðarinnar byggji á sama kerfi og uppeldisbætur FIFA og séu reglurnar felldar að regluverki FIFA. Uppeldisbótareglur FIFA reglugerðarinnar séu skýrar um að uppeldisbætur koma einungis til greina einu sinni. Þá rofni keðjan. Annað gildi um samstöðubætur (e. solidarity contribution), sem almennt komi til greiðslu í hvert skipti sem greitt er fyrir félagaskipti leikmanns óháð aldri þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Nefndin lítur svo á að ákvæði greinar 26.2 sé hluti af uppeldisbótakerfi KSÍ, en feli ekki í sér samstöðubætur, en um þær gilda reglur FIFA skv. 19. tölul. skilgreiningarákvæðis félagaskiptareglugerðarinnar. Í málinu lá fyrir að DSJ fékk félagaskipti frá Keflavík til Lecce í janúar 2022. Samkvæmt félagaskiptasamningi sem félögin gerðu sín á milli hafi Keflavík átt rétt á greiðslum vegna félagaskiptanna, auk hlutdeildar í síðari félagaskiptum DSJ frá Lecce. Nefndin taldi ljóst að skv. gildandi reglum FIFA eigi Keflavík ekki rétt til greiðslu félagaskipta-eða uppeldisbóta öðru sinni. Þannig verði að telja ótvírætt skv. FIFA reglum að hefði DSJ, sem dæmi, skipt úr Lecce yfir í annað félag á Ítalíu eða annars staðar og þaðan áfram, þá ætti Keflavík ekki rétt á hlutdeild í uppeldisbótum, sem viðkomandi félög hefðu samið um. Krafa Keflavíkur verði ekki skilin öðruvísi en að félagið telji, að þar sem DSJ hafi átt viðkomu á Íslandi á leið sinni milli Ítalíu og Noregs eigi grein 26.2 í félagaskiptareglugerðinni að leiða til annarrar niðurstöðu en gildir almennt skv. FIFA reglunum.

Samninga- og félagaskiptanefnd hefur túlkað reglur um félagaskipti þannig að til þess að félag verði krafði um greiðslu af öðru félagi, þá verði heimild fyrir því að vera skýr og ótvíræð í félagaskiptareglugerðinni. Í umræddri grein 26.2 komi ekki berum orðum fram hvernig fari um félagaskiptabætur, þegar félag sem krefst slíkra bóta hefur áður fengið félagaskiptabætur eða eftir atvikum uppeldisbætur greiddar vegna félagaskipta leikmannsins til erlends félags. Við túlkun ákvæða greinar 26.2 í félagaskiptareglugerðinni taldi nefndin óhjákvæmilegt að líta til FIFA reglugerðarinnar og þeirra grunnsjónarmiða sem hún er reist á eins og að framan er rakið. Verði ákvæði greinar 26.2 ekki túlkað svo að Keflavík geti átt kröfu um greiðslu félagaskiptabóta sem félagið hefur sjálft áður samið um í fyrri félagaskiptum sama leikmanns. Þá fengi félagið tvívegis greiddar félagaskiptabætur vegna sama leikmannsins, sem sé í andstöðu við þær grunnreglur sem grein 26.2 í félagaskiptareglugerðinni byggji á. Með vísan til

alls framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að hafna beri kröfum Keflavíkur á hendur FH vegna félagaskipta DSJ frá FH til AaFK.

**Mál 5 2024: Endurupptökubeiðni. Fylkir og Haukar.**

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ (SF) barst beiðni frá knattspyrnudeild Fylkis og knattspyrnudeild Hauka um endurupptöku úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ í máli nr. 3/2024. Endurupptökubeiðni byggði á því að ákvörðun samninga- og félagaskiptanefndar í máli nr. 3/2024, um að vísa kröfum Hauka og Fylkis frá án þess að taka málið til efnislegrar meðferðar, hafi verið röng. Heimild til að bera ágreiningsefni undir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ er að finna í 29. grein reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga. Samkvæmt meginreglu greinar 29.1.3 sömu reglugerðar er niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefni endanleg og bindandi fyrir deiluaðila. Ekki er að finna sérstaka heimild í reglugerðinni til að taka upp mál að nýju sem nefndin hefur kveðið upp úrskurð í. Það var mat nefndarinnar að í beiðni knattspyrnudeilda Fylkis og Hauka væru ekki færð fram sjónarmið eða rök sem standa til endurupptöku málsins. Að gefnu tilefni má í því sambandi nefna að upplýsingar sem vísað er til í endurupptökubeiðninni lágu frammi og tekið var tillit til þeirra þegar nefndin tók ákvörðun í málinu. Eru því ekki efni til að nefndin endurupptaki málið. Endurupptökubeiðni knattspyrnudeildar Fylkis og knattspyrnudeildar Hauka er því hafnað.

**Mál 6 2024: Leiknir R. gegn ÍBV**

Máli er ólokið.

**Umboðsmenn í knattspyrnu**

Um áramót 2024/2025 voru 12 skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ, sem er fjölgun um fjóra frá áramótum 2023/2024. Það er þeir: Birgir Ólafur Helgason, Bjarki Gunnlaugsson, Elías Njarðarson, Guðlaugur Tómasson, Gylfi Sigurðsson, Halldór Ragnar Emilsson, Magnús Agnar Magnússon, Ólafur Garðarsson, Saint Paul Edhe, Sigurður Freyr Sigurðsson, Sigurður Ólafur Kjartansson og Þróstur Ingi Smárason.

**Félagaskipti**

Hafsteinn Steinsson hafði að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2024 voru 2.511 félagaskipti afgreidd samanborið við 2.836 árið 2023. Að þessu sinni voru flest félagaskipti afgreidd í febrúar 694 og apríl 334.

Framkvæmdastjóra KSÍ bárust alls tvær óskir um undanþágur vegna félagaskipta markvarða utan félagaskiptatímabils á árinu, frá Breiðablik og KFG. Önnur þeirra var samþykkt og var ein umsókn dregin til baka.

Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
--	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------	------

<b>Fjöldi félagaskipta</b>	2511	2.836	3.044	2.803	2.681	2.859	2.471	2.558	2.739	2.353	2.221
----------------------------	------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	-------

### Lokaorð

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar kærlega fyrir frábært samstarf á liðnu starfsári. Þá færi ég sérstakar þakkir til starfsmanns nefndarinnar til margra ára, Hauks Hinrikssonar, en hann er sem kunnugt er á förum til annarra starfa. Samstarf við hann hefur verið frábært. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir þeirra góðu störf, en eins og fram kemur í töflu hér að ofan eru félagaskipti tíð og eins gott að allar skráningar séu í fullkomnu lagi. Það er mikill akkur fyrir sambandið og algerlega nauðsynlegt að hafa öfluga skrifstofu eins og hún er, knattspyrnuhreyfingunni allri til heilla.

Gísli Guðni Hall, formaður

Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2024-2025: Unnar Stefán Sigurðsson formaður, Guðrún Jóna Kristjánsdóttir, Gunnar Már Guðmundsson, Kristrún Lilja Daðadóttir, Sigríður Baxter Þorláksdóttir, Þórður Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 1 bókaðan fund á starfsárinu.

**Þjálfaramenntun**

KSÍ býður upp á átta þjálfaragráður – KSÍ C, KSÍ B, KSÍ A, KSÍ Pro þjálfaragráður, KSÍ B Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ A Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ Barna- og unglingsþjálfun og KSÍ Afreksþjálfun unglinga. Allar þessar þjálfaragráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum aðildarríkjum UEFA.

Þjálfaragráða	Fjöldi	Karlar	Konur
KSÍ C þjálfaragráða	1.227	936	291
KSÍ B þjálfaragráða	631	555	76
KSÍ A þjálfaragráða	264	246	18
KSÍ Pro þjálfaragráða	61	55	6
KSÍ Afreksþjálfun unglinga	49	44	5
KSÍ Barna- og unglingsþjálfun	15	14	1
KSÍ B Markmannsþjálfaragráða	20	16	4
KSÍ A Markmannsþjálfaragráða	22	22	0
Samtals:	2.289	1.888	401


**Námskeiðahald**

KSÍ hélt sitt fyrsta KSÍ C þjálfaranámskeið á ensku árið 2024. Boðið var upp á námskeiðið fyrir þjálfara sem hafa ekki íslensku sem fyrsta tungumál. Alls voru 12 þjálfarar sem skráðu sig á námskeiðið og stefnt að því að endurtaka leikinn 2025.

19 þjálfarar eru þátttakendur á þriðju KSÍ Pro þjálfaragráðunni sem hófst í febrúar 2024 og stefnt er að útskrift þeirra í nóvember 2025

Skýringamynd af uppbyggingu námskeiða má finna hér fyrir neðan.





### KSÍ hélt 40 fræðsluviðburði á árinu fyrir 866 þátttakendur.

Í fyrsta sinn útskrifaði KSÍ þjálfara með UEFA Youth B þjálfaragráðu, sem fékk heitir KSÍ Barna- og unglingsþjálfun. Á þeirri þjálfaragráðu er einblínt á þjálfun í 4. og 5. aldursflokkum og alls voru það 15 þjálfarar sem útskrifuðust í júní 2024. Markmiðið er að halda þetta námskeið annað hvert ár og á móti að halda KSÍ Afreksþjálfun unglunga (UEFA Elite Youth A) á móti, þar sem einblínt er á þjálfun í 2. og 3. aldurflokkum. Nýtt KSÍ Afreksþjálfun unglunga þjálfaranámskeið hóf göngu sína í nóvember 2024 með 20 þátttakendum.

KSÍ útskrifaði einnig 11 þjálfara með KSÍ B Markmannspjálfaragráðu á árinu, þar af þrjár konur. Þeim fjölgaði því úr einni í fjórar, sem hafa lokið þeirri þjálfaragráðu. Til stóð að hefja nýtt KSÍ A Markmannspjálfaranámskeið á árinu 2024 en því miður náðist það ekki sökum dræmrar þátttöku. Stefnt er að því að halda annað KSÍ B Markmannspjálfaranámskeið á árinu 2025, með það að markmiði að fjölga KSÍ B markmannspjálfurum og þannig skapa breiðari grundvöll fyrir því að halda KSÍ A Markmannspjálfaranámskeið í náinni framtíð.

Fræðsludeildin nýtti sér sem fyrr Canvas kennsluforritið í sínu námskeiðahaldi, þá sérstaklega á KSÍ C og B þjálfaragráðum. Canvas gerir KSÍ kleift að senda þátttakendum upptöku af fyrirlesturum og verkefni sem þátttakendur eiga að horfa á og vinna áður en mætt er á námskeið.

Eins og undanfarin ár bar KSÍ gæfa til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum sínum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

### Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara


Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara má finna [hér](#) á heimasíðu KSÍ.

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2024**  
**Alls 40 fræðsluviðburðir og 866 þátttakendur**


Dagsetning	Viðburður	Þátttakendur
17.-18. febrúar	KSÍ Pro - Persónuleikapróf	19
6.-7. maí	KSÍ Pro - Leikgreining (Scouting and Recruitment)	19
16.-17. september	KSÍ Pro - Leiðtogahæfni	17
18.-21. nóvember	KSÍ Pro - Námsferð til Nyon	17
Janúar - mars	KSÍ A 3 - Hópavinna	12
Júní - ágúst	KSÍ A þjálfaraskóli	25
12.-13. október	KSÍ A 1 þjálfaranámskeið	20
20.-21. september	KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (tímabilaskipting)	15
8. október	KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (leikgreining)	14
31.okt.-5.nóv.	KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (námsferð til Danmerkur)	14
6.-7. janúar	KSÍ B 3 þjálfaranámskeið	34
27.-28. janúar	KSÍ B 3 þjálfaranámskeið	17
17.-18. febrúar	KSÍ B 4 þjálfaranámskeið	29
2.-3. mars	KSÍ B 4 þjálfaranámskeið	20
Febrúar - júní	KSÍ B þjálfaraskóli	49
12.-13. október	KSÍ B 1 þjálfaranámskeið	27
19.-20. október	KSÍ B 1 þjálfaranámskeið	14
9.-10. nóvember	KSÍ B 2 þjálfaranámskeið	28
23.-24. nóvember	KSÍ B 2 þjálfaranámskeið	16
13.-14. janúar	KSÍ C 1 þjálfaranámskeið	25
27.-28. janúar	KSÍ C 1 þjálfaranámskeið	36
5.-7. apríl	KSÍ C 1 þjálfaranámskeið á ensku	13
10.-11. febrúar	KSÍ C 2 þjálfaranámskeið	28
17.-18. febrúar	KSÍ C 2 þjálfaranámskeið	24
19.-21. apríl	KSÍ C 2 þjálfaranámskeið á ensku	14
15.-17. nóvember	KSÍ Afreksþjálfun unglinga	20
5.-7. janúar	KSÍ Barna- og unglingsþjálfun	16
Janúar - júní	KSÍ Barna- og unglingsþjálfun - Hópavinna	15
27.-28. janúar	KSÍ B Markmannsþjálfaranámskeið	12
Janúar - júní	KSÍ B Markmannsþjálfaranámskeið - Hópavinna	11
21.-22. september	KSÍ Grunnnámskeið í markmannsþjálfun	10
13. febrúar	Súpufundur - Brottfall efnilegs knattspyrnufólks úr íþróttinni (Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir)	30
21. febrúar	Endurmenntun - Leiðtogahópar innan atvinnuíþróttaliða (Gina Haddad)	18
28. febrúar	Endurmenntun - Hvernig tryggjum við að hraða og snerpuæfingar skili sér í keppni? (Ian Jeffreys)	9
24. júní	Súpufundur - Er munur á líkamlegum kröfum í keppnisleikjum á grasvelli vs. gervigrasvelli? (Þór Sigurðsson)	20
28. ágúst	Málþing HKK og KSÍ	33
16.-17. september	Endurmenntun UEFA Pro þjálfara	24

30. september	Endurmenntun - Endurheimt og svefn íþróttafólks (Katrín Ýr Friðgeirsdóttir)	8
8. október	Vinnustofa - Styrktar- og þolþjálfun	48
9. nóvember	Endurmenntunarnámskeið KSÍ og KBÍ (Áge Hareide, Mounir Akhiat, Davíð Snorri Jónasson og Hallgrímur Jónasson)	46
	Samtals:	866

**Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2015-2024**



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2015-2024



## Skýrsla grasrótanefndar

Í Grasrótarnefnd KSÍ árið 2024 sátu: Trausti Hjaltason formaður, Guðmundur Bj. Hafþórsson, Petra Lind Einarasdóttir, Rúnar Már Sverrisson, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Tryggvi Gunnarsson og Þorsteinn Haukur Harðarson. Starfsmenn hópsins voru Sóley Guðmundsdóttir og Davíð Ernir Kolbeins.

### Grasrótaverkefni 2024

*Komdu í fótbolta með mola* heldur áfram að vera eitt af stærstu grasrótaverkefnum KSÍ. Þetta var sjötta sumarið í röð Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, ferðaðist um landið og heimsótti minni sveitarfélög. Verkefnið stóð yfir frá maí til september. Á þessu tímabili heimsótti Moli 53 staði og hitti þar yfir 1000 börn. Markmiðið með verkefninu var að efla áhuga iðkenda á knattspyrnu og styðja við bakið á knattspyrnustarfinu á hverjum stað fyrir sig. KSÍ kann bestu þakkir þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola. Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst að fá viðurkenningar til afhendingar. Samtals voru 41 verðlaun afhent á 15 mótum um allt land

Bergið Headspace og KSÍ undirrituðu sín á milli samstarfssamning til sumarsins 2025. Bergið Headspace og KSÍ standa saman að verkefninu „Tæklum tilfinningar“. Um er að ræða tvíþætt verkefni, annars vegar þar sem aðildarfélögum KSÍ býðst að fá fræðsluerindi frá Berginu fyrir unga þátttakendur (leikmenn, þjálfara eða dómara), og hins vegar þar sem ungmennum hjá aðildarfélögum KSÍ stendur til boða að koma í einstaklingsviðtal hjá Berginu. Verkefnið, sem miðast við 2. og 3. Flokk

KSÍ tók þátt í Allir með leikunum sem fram fóru 9. Nóvember í Laugardalshöll og fimleikasal Ármanns. Leikarnir eru samstarfsverkefni Íþróttta-og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Knattspyrnusamband Íslands, Handboltasamband Íslands, Körfuknattleikssamband Íslands, Fimleikasamband Íslands, Frjálsíþróttasamband Íslands og Íþróttasamband fatlaðra. Allir með leikarnir voru haldnir fyrir börn með fatlanir á grunnskólaaldri. Leikarnir voru hluti af verkefninu Allir með sem hefur það að markmiði að fjölga tækifærum barna með fatlanir til íþróttaiðkunar.

KSÍ hlaut Samfélagslamba Blindrafélagsins 2024 vegna samstarfsverkefnisins um sjónlýsingu heimaleikja A landsliða Íslands. Árið 2023 undirrituðu KSÍ, Blindrafélagið og Samtök íþróttافرéttamanna samstarfssamning vegna sjónlýsingar á A landsleikjum Íslands í fótbolta. Samningurinn felur í sér að félagsmenn Blindrafélagsins geta sótt um þjónustuna á öllum landsleikjum á Laugardalsvelli hjá A landsliðum karla og kvenna í fótbolta. Verkefnið hélt áfram í þróun á árinu 2024 þar sem aðgengi að sjónlýsingu var bætt til muna.

Dagur barna og unglíngaráða var haldinn í höfuðstöðvum KSÍ í apríl. Markmiðið með deginum var að halda áfram samtalinu sem hófst á sama viðburði árið 2023. Fundurinn hófst á samantekt frá fundi ársins á undan, þar eftir fór Haukur Hinriksson, lögfræðingur KSÍ yfir reglugerðir KSÍ það sem við kemur yngri flokkum og var hlutverk barna og unglíngaráða til umræðu. Vésteinn Hafsteinsson var með erindið Afreksstarf vs. allir með og voru þar öflugar umræður í kjölfarið. Hildur Jóna Þorsteinsdóttir fór yfir framtíð

kvennaboltans og að lokum voru umræður um samskipti BUR og stjórnar knattspyrnuráða, fjáraflanir og hvað verður um krakkana eftir 2. Flokk.

## Iðkendafjöldi

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndum. Tölur sem birtar voru í árslok 2024 voru fyrir árið 2023. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSí. Í tölum sem birtar voru í desember 2024 segir að iðkanir í knattspyrnu árið 2023 hafi verið 30.300 talsins sem er aukning um tæplega 2000 iðkendur frá 2022.

Kyn	Aldursbil	Iðkanir
Karlar	17 ára og yngri	15,842
Konur	17 ára og yngri	9,153
Karlar	18 ára og eldri	4,032
Konur	18 ára og eldri	1,273
Samtals iðkanir		30,300

Skilgreining á iðkun (iðkanir):

Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oft en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.

<https://isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2023/>

## Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2024: Unnar Stefán Sigurðsson formaður, Ásthildur Helgadóttir, Bjarni Þór Hannesson, Eyrún Linnet, Inga Rut Hjaltadóttir, Jón Runólfsson, Jón Sigurður Pétursson, Kristján Ásgeirsson, Viggó Magnússon og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar voru Birkir Sveinsson sviðsstjóri innanlandssviðs og mótastjóri sambandsins ásamt Fannari Helga Rúnarssyni leyfisstjóra.

### Helstu verkefni mannvirkjanefndar árið 2024

Verkefni nefndarinnar voru sem fyrr að vera stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum og veita umsögn um umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Starfsmaður nefndarinnar með hjálp nefndarmanna, svaraði ýmsum fyrirspurnum aðila sem hyggja á framkvæmdir eins og kostur er.

Mannvirkjanefndin vinnur að uppfærslu mannvirkjareglugerðar og hefur sú vinna staðið frá því síðasta haust. Reglugerðin tengist mörgum þáttum sem tengjast knattspyrnunni og snertir aðrar reglugerðir sambandsins. Talsverð samræming þarf því að fara fram þegar ný reglugerð um knattspyrnuleikvanga á Íslandi verður tilbúin. Reglugerðin mun byggja á reglugerð UEFA um knattspyrnuleikvanga.

Á ársþingi KSÍ 2024 veitti mannvirkjanefnd KSÍ umsögn í tengslum við tillögu á þingi sambandsins sem fór ekki í gegn. Tillagan fól í sér fjölgun varamanna, tillagan fór gegn reglugerð knattspyrnuleikvanga og hafði þýtt að hefði þurft að gera breytingar á reglugerðinni. Þróunin er samt á þessa leið út í Evrópu að fjölgun starfsmanna á varamannabekk og fjölgun varamanna. Því er mikilvægt að reglugerðin taki tillit til þessa en þetta getur líka haft í för með sér auka kostnað á félög/sveitarfélög þar sem þarf að breyta mannvirkjum til þess að uppfylla reglugerð.

### Vallarleyfi

Að venju annast nefndin útgáfu vallarleyfa í efstu deildum. Vallarleyfi er að öllu jöfnu gefin út til tveggja ára í senn, nema í þeim tilfellum þar sem vallarleyfi eru afgreidd með undanþágu. Voru þau samþykkt af stjórn KSÍ 13. mars, 17. apríl og 21. júní 2024

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki B til tveggja ára:**

- Akranesvöllur,
- Framvöllur
- Fylkisvöllur
- Hliðarendi
- Kópavogsvöllur
- Kórinn
- KR – Völlur
- Víkingsvöllur
- Kaplakrikavöllur.
- Hásteinsvöllur,
- Keflavíkuvöllur
- Egilshöll

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd með undanþágu í vallarflokki B til eins árs:**

- KA – völlum, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku 31.12.2024
- Vestri, undanþága vegna þaks á stúku 31.12.2024

**Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd í vallarflokki C til tveggja ára:**

- Gróttuvöllur,
- Varmárvöllur
- Dalvíkurvöllur
- Akraneshöllin
- Safamýri
- ÍR – Völlur

**Mannvirkjasjóður KSÍ**

Tuttugu og átta umsóknir bárust í mannvirkjasjóð KSÍ fyrir árið 2024, í heildina voru fimmtán félög sem sóttu um í sjóðinn. Einungis þrettán verkefni uppfylltu skilyrði sjóðsins um úthlutun og var heildarkostnaður við áætlaðar framkvæmdir 819 milljónir króna. Til úthlutunar úr sjóðnum árið 2024 voru 30 milljónir. Stjórn KSÍ hafði framlengt mannvirkjasjóð KSÍ um eitt ár en fjögurra ára tímabili sjóðsins lauk árið 2023.

Á fundi stjórnar KSÍ 15. Janúar 2025 tók stjórn KSÍ ákvörðun um breytingar á fyrirkomulagi mannvirkjasjóðs. Ákvað stjórn KSÍ að hluti framlags UEFA sem kemur til vegna áranna 2024 – 2028, sem áður hefur verið tileinkað mannvirkjasjóði KSÍ, verði nýtt í uppbyggingu á núverandi þjóðarleikvangi á Laugardalsvelli.

Mannvirkjasjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 2008 og þjónað félögunum í hreyfingunni vel til uppbyggingar á mannvirkjum félaganna.

**Norrænt samstarf**

Mannvirkjanefnd KSÍ hefur byggt upp náið samstarf við knattspyrnusamböndin á Norðurlöndunum þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða. Samstarfið nær aftur til stofnun mannvirkjanefndar KSÍ, ársins 1989. Knattspyrnusamböndin hafa byggt upp með sér þekkingu og hafa deilt sín á milli þekkingu ásamt upplýsingum sem koma að mannvirkjum. Norrænu þjóðirnar hafa haldið nánú sambandi í tengslum við komandi innfylliefna bann sem tekur gildi 2031.

Á síðasta ári fóru aðilar úr mannvirkjanefnd í tvær heimsóknir, annarsvegar til Noregs á ráðstefnu sem Norska knattspyrnusambandið hélt og hins vegar til Danmerkur. Á árinu átti að fara fram mannvirkjaráðstefna Norðurlandanna í Færeyjum. Færeyingar gáfu hana frá sér og var ákveðið að tengja hana við ráðstefnu sem haldin var í Noregi 9.-11. september. Þar var einn dagur tileinkaður náttúrulegum grasvöllum og annar dagur af fyrirlesturum um gervigras. Þriðji dagurinn var svo fundur mannvirkjanefnda Norðurlandanna. Athyglisvert var að sjá smáforrit sem safnar gögnum af leikvöllum í Danmörku og ástandi þeirra eftir leiki. Hægt var að safna mikið af gögnum í gegnum þetta snjall forrit. Gaman að sjá til lengri tíma hvað gögnin kenna okkur um notkun knattspyrnuvalla.

Þungamiðja umræðna var samt í gervigrasmálum vegna væntanlegs banns á innfylliefnum. Deildu löndin upplýsingum um stöðu mála í viðkomandi landi, hver reynslan var af mismunandi innfylliefnum sem gætu komið til greina.

Á fundinum voru aðilar frá FIFA sem kynntu nýjan FIFA staðal fyrir gervigrös, FIFA Basic. Norðurlöndin voru einróma í sinni afstöðu að staðallinn væri líklegast óþarfur og yrði ekki notaður á Norðurlöndum. FIFA Basic myndi ekki leysa þann vanda sem lönd á borð við Noreg



og Svíþjóð eiga við vegna styrkja til mannvirkjauppbyggingar. Að auki væri staðallinn í raun óþarfur inn á æfingasvæðin. Einnig var rætt um mögulega þróun FIFA Quality staðalsins eftir 2031.

Á ráðstefnunni sem haldin var í Silkeborg í Danmörku í byrjun desember sl. var enn meginþungi umræðunnar um afleiðingar banns við innfylliefnum í gervigras. Enn sem komið er hefur ekki fundist ásættanleg lausn við öðrum tegundum innfylliefna sem þola loftslag og veður á norðurslóðum. Lausnir án innfylliefna hafa ekki enn sem komið er ekki náð að koma til móts við knattspyrnu á meistaraflokksstigi. Þróunarvinna er í gangi hjá gervigrasframleiðendum en hún hefur ekki enn skilað nægjanlega góðri vöru á markaðinn. Önnur atriði, sem fram komu á ráðstefnunni, eru þessi helst:

- Dekkjakurl hefur verið í notkun í öðrum löndum Norðurlandanna. Í ljósi reglugerða Evrópusambandsins hefur efnainnihald dekkja breyst þannig að hættuleg efni í hjólbörðum er minna en áður var. Verði notkun dekkjakurils bönnuð er hætta á að dekk og/eða dekkjahlutar verði fluttir til förgunar í löndum sem ekki hafa enn sett takmarkanir í þessu efni, t.d. Indland.
- Með einföldum aðgerðum við knattspyrnuvelli hefur tekist að draga verulega (70 – 90%) úr hættu á að örplast í formi innfylliefna dreifist út í umhverfið. Þetta er gert m.a. með ristum við inngönguhlið og skjólborðum meðfram gervigrasvöllunum.
- Farið var yfir möguleika á styrkjum frá Evrópusambandinu til rannsókna á ýmsum hlutum knattspyrnumannvirkja, s.s. yfirborðsefnum. Yfirleitt er skilyrði um samstarf aðila frá fleiri en einu ríki svo umsókn fái brautargengi.
- Skoðuð var verksmiðja sem tekur við gervigrasi, tekur úr þeim innfylliefni og fargar plasti. Sú verksmiðja hefur m.a. tekið á móti gervigrasi frá Íslandi og Færeyjum.

Mannvirkjanefnd KSÍ fylgist náið með gangi mála í þessum efnum og er samstarf með knattspyrnusamböndum Norðurlandanna mikilvægt þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða og löndin þurfa að glíma við svipuð veðurskilyrði.

Mannvirkjanefndin vill koma sínu þakklæti til aðildarfélaga KSÍ fyrir framúrskarandi samstarf á liðnu ári. Ég vil einnig senda sérstakar þakkir til nefndarfólks sem starfað hafa innan mannvirkjanefndarinnar. Þeirra óeigingjarna og ábyrgðarfulla starf í þágu íslenskrar knattspyrnu og knattspyrnumannvirkja hefur verið ómetanlegt. Það er afar dýrmætt að geta leitað í þennan dýrmæta viskubrunn, sem nefndarfólk býr yfir, sem er ekki aðeins fullur af þekkingu heldur áratuga reynslu.

Að lokum vil ég eindregið hvetja öll knattspyrnufélög á Íslandi til að nýta sér þá dýrmætu þekkingu og kunnáttu sem aðilar mannvirkjanefndarinnar búa yfir. Innanborðs eru margir sérfræðingar sem eru tilbúnir að deila sinni víðáttumiklu þekkingu og styðja þannig við þróun og uppbyggingu á íslenskri knattspyrnu. Leggjum okkur fram um að nýta þessa auðlind til að styrkja mannvirkjagerð fyrir íslenska knattspyrnu enn frekar.

*Unnar Stefán Sigurðsson, formaður*